



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ

www.studlaberg.is

s. 420-4000



VÍKURFRÉTTIR

FIMMTUDAGUR 23. MAÍ 2024 // 21. TBL. // 45. ÁRG.



Heiðarskóli og hluti Heiðarhverfisins í Keflavík. Barnafólki er að fjölga í hverfinu og 460 börn eru skráð til skólavistar í Heiðarskóla í haust. Þau voru 407 síðasta haust. VF/HBB

Íbúum Voga fjölgað um 22% og börnum fjölgar í Heiðarhverfi

Íbúum með skráð lögheimili í Sveitarfélaginu Vogum fjölgaði um 12,2% á árinu 2023 og voru þeir 1.500 talsins í árslok. Frá síðustu áramótum hefur íbúum með skráð lögheimili fjölgað um tæp 9% en að meðtöldum þeim íbúum sem hafa skráð aðsetur í Vogum en lögheimili í Grindavík nemur fjölgunin um 22% frá síðustu áramótum. Í heild eru íbúar í Vogum nú um 1.830 talsins en samkvæmt mannfjöldatölum Hagstofu Íslands voru íbúar í sveitarfélaginu 1.337 talsins í ársbyrjun síðasta árs.

Íbúar Suðurnesja voru um síðustu mánaðamót 32.599 talsins og hafði fækkað um fjórtán einstaklinga frá 1. desember 2023. Það að íbúum

Suðurnesja fjölgi ekki á tímabilinu má rekja til þess að Íbúum Grindavíkurbæjar fækkar um 266 á þessu tímabili eða um 7,2%. Í

Reykjanesbæ hefur fjölgað um 161 einstakling frá því í desember og í Suðurnesjabæ um 34. Í tölum fyrir Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ er ekki gert ráð fyrir þeim Grindavíkingum sem mögulega eru sestir þar að en eru með lögheimili skráð ennþá í Grindavík.

Í viðtali við Lóu Björg Gestsdóttur, skólustjóra Heiðarskóla í Keflavík, í Víkurfréttum í dag kemur fram að í skólhverfi Heiðarskóla er barnafólki að fjölga

mikið. Í haust eru 460 nemendur skráðir í Heiðarskóla en voru 407 á sama tíma í fyrra. Lóa segir að m.a. séu mörg börn úr Grindavík sem hafa byrjað nám í Heiðarskóla nú eftir áramót og fleiri séu skráð til skólavistar í haust. Þetta er fjölgun um þrjár bekkjardeildir á milli ára og Heiðarskóli, eins og margir aðrir skólar, glímur nú við húsnæðisskort.

Flugumferð gæti farið yfir byggð í Reykjanesbæ

- vegna framkvæmda við akbraut á Keflavíkurflugvelli í sumar

Vegna framkvæmda við akbraut Echo-1 á Keflavíkurflugvelli má gera ráð fyrir að aukning verði í flugumferð yfir byggð í Reykjanesbæ í sumar. Framkvæmdir á akbrautinni, sem liggur meðfram flugbraut 01/19, hófust nú í maímánuði. Frá júní og fram í lok ágúst hefjast seinni áfangar þessara framkvæmda sem fela í sér gerð á nýrri stofnlagnaleið meðfram aukbrautinni, endurnýjun á slitlagi, innleiðingu miðlínuljósa, endurnýjun skilta og breikkun á beygju í enda akbrautar.



Á framkvæmdatímabilinu gæti því þurft að nota flugbraut 10/28 meira en ella sem mun þýða að flogið verður meira yfir byggð nærri Keflavíkurflugvelli. Öllum mótvægisáðgerðum verður beitt til að koma í veg fyrir það, en ljóst er að einhverja daga gætu íbúar á svæðinu orðið fyrir ónáði vegna flugumferðar.

Framkvæmdirnar sem um ræðir skipta miklu máli til að bæta megi flæði og öryggi flugbrautakerfisins á Keflavíkurflugvelli.

Íbúum er bent á hljóðmælingakerfið á vef Isavia þar sem hægt er að koma athugasemdum á framfæri um ónáði vegna flugumferðar.

Stærsti róður lífsins

Arnar Magnússon bjargaði félaga sínum úr sjávarháská úti fyrir Garðskaga. - Sjá síðu 10

nettó

23.-26. maí

<p>KJÖTBOGID</p> <p>Lambalæri, stutt</p> <p>2.135 kr/kg</p> <p>3.139 kr/kg</p>	<p>SUNNUR GRIS</p> <p>Kótleitur, kryddaður</p> <p>1.578 kr/kg</p> <p>2.769 kr/kg</p>	<p>KJÖTSEL</p> <p>Úrbeinuð kjúklingalæri í marineringu</p> <p>1.878 kr/kg</p> <p>3.029 kr/kg</p>
--	--	--

Taka sæti í framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ

Árni Þór Sigurðsson, Guðný Sverrisdóttir og Gunnar Einarsson munu taka sæti í sérstakri framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ. Árni Þór verður formaður nefndarinnar. Lög um framkvæmdanefndina voru samþykkt á Alþingi fyrr í vikunni en hún tekur formlega til starfa 1. júní nk. Undirbúningur er þó hafinn og mun nefndin m.a. hitta bæjarstjórn Grindavíkurbæjar í næstu viku. Nefndin mun einnig eiga undirbúningsfund með stofnunum á vegum ríkisins sem hafa unnið að viðbragði vegna jarðhræringa við Grindavík. Þetta kemur fram á vef stjórnarráðsins.

„Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ er mikilvægt skref til þess að skerpa á ábyrgð og hlutverki stjórnvalda um málefni Grindavíkur. Þetta skref er til góds fyrir Grindvíkinga, en ekki síður fyrir samfélagið allt, sem stendur með Grindvíkingum á þessum erfiðu tímum,“ segir Svandís Svavarsdóttir, innviðaráðherra.



Hlutverk nefndarinnar

Framkvæmdanefndin mun fara með stjórn, skipulag og framkvæmd tiltekinna verkefna sem henni eru falin með lögum, samþykkingu aðgerða, tryggja skilvirka samvinnu við Grindavíkurbæ, önnur stjórnvöld og aðra hlutaðeigandi aðila og hafa heildaryfirsýn yfir málefni Grindavíkurbæjar. Framkvæmdanefndin er fjölskipað og sjálfstætt stjórnvald sem hefur með höndum verkefni sem snúa að úrlausnarefnum sem tengjast jarðhræringunum við Grindavík.

Helstu verkefni nefndarinnar munu snúa að samfélagsþjónustu með því að starfrækja þjónustuteymi á sviði velferðar- og skólaþjónustu og þá mun nefndin hafa yfirumsjón með framkvæmdum og viðgerðum á mikilvægum innviðum í Grindavík.

Verkefnið hefur verið undirbúið í góðu samstarfi við bæjarstjórn Grindavíkur sem óskaði eftir samstarfi um tilhögun og stjórnarferilkomulag verkefna við óvenjulegar aðstæður vegna jarðhræringa í Grindavík.

Um nefndarfólk

Árni Þór Sigurðsson sat á Alþingi um árabil en var áður borgarfulltrúi í Reykjavík um þrettán ára skeið og sat um tíma í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Árni Þór hefur starfað í utanríkisþjónustunni frá árinu 2015 og verið sendiherra Íslands í Finnlandi, Rússlandi og nú síðast í Danmörku.

Guðný Sverrisdóttir var sveitarstjóri Grýtubakkahrepps í tæp 27 ár, allt til ársins 2014. Guðný hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstöfum. Hún var lengi formaður ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóds sveitarfélaga og gegndi þeim störfum fram til ársins 2023.

Gunnar Einarsson var bæjarstjóri í Garðabæ um 17 ára skeið og þar áður forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs bæjarins. Gunnar hefur gegnt ýmsum trúnaðarstöfum og var m.a. í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tólf ára skeið.



Friðuð hús við Hafnargötu flutt á Klapparstíg og Kirkjuveg

Sótt hefur verið um byggingarleyfi vegna flutnings á friðuðu húsi frá núverandi staðsetningu á Hafnargötu 24 á nýja lóð á Klapparstíg 11. Húsið er einbýli á einni hæð með kjallara og rishæð. Gert er ráð fyrir að

byggja nýjan sökkul/kjallarahæð sem húsið verður flutt á.

Þá hefur verið sótt um byggingarleyfi vegna flutnings á friðuðu húsi frá núverandi staðsetningu á Hafnargötu 22 á nýja lóð á Kirkjuvegi 8. Húsið er einbýli á einni hæð

með kjallara og rishæð. Gert er ráð fyrir að byggja nýjan sökkul/kjallarahæð sem húsið verður flutt á. Byggingaráformin eru samþykkt en erindin uppfylla gildandi skipulagsskilmála.

Rekstur Voga á réttri leið

■ Ársreikningur 2023 samþykktur í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga

„Þrátt fyrir krefjandi aðstæður gekk rekstur Sveitarfélagsins Voga betur en áætlanir gerðu ráð fyrir á síðasta ári. Sá góði árangur sem náðst hefur í rekstri sveitarfélagsins er ekki síst að þakka skýrri markmiðasetningu sem bæjarstjórn hefur unnið samkvæmt síðustu ár og miðar að því að auka sjálfbærni í rekstri sveitarfélagsins og tryggja að sveitarfélagið geti staðið undir nauðsynlegri uppbyggingu og mætt nýjum áskorunum sem óhjákvæmilega fylgja þeim hraða vexti sem hefur verið í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu,“ segir Gunnar Axelsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga, við afgreiðslu ársreikningsins á vef bæjarins.

Rekstrarniðurstaða betri en áætlað var á árinu 2023

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2023 námu heildartekjur samstæðu A og B hluta 2.095 m.kr á árinu og jukust um 24,2% frá fyrra ári. Rekstrargjöld samstæðu námu 1.892 m.kr. á árinu og jukust um 17,7% á milli ára. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir var jákvæð um 202 m.kr. en áætlun gerði ráð



fyrir að rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir yrði jákvæð um 122 m.kr. Rekstrarniðurstaða að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var neikvæð um tæplega 4 m.kr. sem er um 55 m.kr. betri rekstrarniðurstaða en áætlað var. Skýrist betri rekstrarniðurstaða samanborið við áætlanir einkum af hærri tekjum en áætlað var. Verðbólga var meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og hefur það neikvæð áhrif á annan rekstrarkostnað og fjármagnsliði og þar með afkomu.

Veltufé frá rekstri 9% af tekjum

Veltufé frá rekstri nam 189 m.kr. á árinu, eða sem nemur 9% af rekstrartekjum ársins, sem er umtalsverð aukning frá síðasta ári þegar veltufé frá rekstri var um 70 m.kr. Fjárfestingar á árinu að teknu tilliti til innheimtra gatnagerðargjalda námu 122 m.kr. Bestra fjárfesting

ársins var í fráveitukerfi sem er nú að mestu lokið. Framkvæmdir vegna nýs heilsugæslusels frestuðust til ársins 2024 sem er helsta skýring fráviks um 20 m.kr. frá áætluðum fjárfestingum. Í árslok var handbært fé 154 m.kr. borið saman við 234 m.kr. í ársbyrjun.

Skuldaviðmið lækkar niður í 69,2%

Skuldaviðmið skv. reglugerð í árslok 2023 var 69,2% borið saman við 83% í árslok 2022.

Íbúum fjölgað um 22% frá áramótum

Íbúum með skráð lögheimili í Vogum fjölgaði um 12,2% á árinu 2023 og voru þeir 1.500 talsins í árslok. Frá síðustu áramótum hefur íbúum með skráð lögheimili fjölgað um tæp 9% en að meðtöldum þeim íbúum sem hafa skráð aðsetur í Vogum en lögheimili í Grindavík nemur fjölgunin um 22% frá síðustu áramótum. Í heild eru íbúar í Vogum nú um 1.830 talsins en samkvæmt mannfjöldatölum Hagstofu Íslands voru íbúar í sveitarfélaginu 1.337 talsins í ársbyrjun síðasta árs.

Allt hreint
Umhverfisvottuð ræstingarpjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Beint flug hafið milli Calgary og Keflavíkur

Kanadíska flugfélagið WestJet lenti á Keflavíkurflugvelli í fyrsta skipti í síðustu viku en það mun bjóða upp á beint flug milli Calgary í Albertafylki og Keflavíkur fram í október.

Angela Avery, framkvæmdastjóri hjá WestJet, sagði við það tækifæri að áfangastaðurinn Ísland byði upp á landslag sem væri hrífandi og jarðfræðilega fjölbreytt. „Við erum afskaplega ánægð með að geta bætt Íslandi við sem nýjum beinum áfangastað okkar í Evrópu.“ Hún benti á að WestJet væri eina flugfélagið sem tengdi Ísland við Calgary.

Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia, sagði einnig við þetta tækifæri að hann hlakkaði til samstarfsins við WestJet sem yrði mikilvægur samstarfsaðili flugvallarins til framtíðar. „Sú ákvörðun WestJet að hefja þetta áætlunarflog styður við þá framtíðarsýn okkar að tengja heiminn í gegnum Ísland.“

Fyrsta fluginu var fagnað í morgun og klipptu forstjóri Isavia



Klippt var á borða eftir fyrstu landingu WestJet á Keflavíkurflugvelli.

og framkvæmdastjóri frá WestJet á borða áður en flogið var frá Keflavíkurflugvelli.

WestJet flýgur á Boeing 737MAX vél milli Calgary og Keflavíkurflugvallar fjórum sinnum í viku fram í miðjan október næstkomandi.

Í tilkynningu frá WestJet kemur fram að félagið hafi gert samning við Icelandair þess efnis að far-

þegar kanadíska flugfélagsins geti bókað sig áfram á einum flugmiða frá Calgary í gegnum Keflavíkurflugvöll áfram til áfangastaða Icelandair í Evrópu. Það sama sé í boði fyrir farþega sem fljúgi frá Keflavík til Calgary sem geti farið áfram til annarra áfangastaða WestJet víða um heim.

Jóhannes Ægir Kristjánsson
sölustjóri stóreldhústækja hjá Expert



Það er ávísun á gæði og árangur að fá Expert í málið

Reynslumiklir sérfræðingar okkar veita ráðgjöf við sölu
á tækjum og rekstarvörum fyrir stóreldhús, veitingastaði, hótél og fyrirtæki.
Expert selur einungis gæðavöru frá viðurkenndum aðilum.

EXPERT

VINNUM MEÐ ÞEIM BESTU

Höfðabakki 7, 110 Reykjavík | expert.is

Heiða Hrólfsdóttir ráðin leikskólastjóri við Heilsuleikskólann Suðurvelli í Vogum

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti samhljóða á fundi sínum á dögunum að ráða Heiðu Hrólfsdóttur leikskólastjóra við Heilsuleikskólann Suðurvelli. Heiða tekur við starfinu af Maríu Hermannsdóttur sem lætur af starfinu 30. júní næstkomandi.



Heiða lauk leikskólakennaramenntun frá Kennaraháskóla Íslands árið 1997 og stundaði verk- og stjórnendanám við

Nýsköpunarmiðstöð Íslands á árunum 2015-2017.

Heiða starfaði sem deildarstjóri við Heilsuleikskólann Suðurvelli á árunum 2017-2020 en á árunum 1999-2004 var Heiða aðstoðarleikskólastjóri við Leikskóla á Siglufirði og hafði jafnframt umsjón með sérkennslu. Heiða hefur sinnt umsjónarkennslu við Stóru-Voga-skóla frá árinu 2020.

Styrkja ljósleiðaratengingu við Svartsengi

HS orka hefur óskað framkvæmdaleyfis til lagningar ljósleiðara í vegkanti frá Fitjum og að Stapafellsvegi við Hafnaveg til að styrkja tengingu við Svartsengi. Afnotaleyfi Vegagerðarinnar liggur fyrir. Við Stapafellsveg tengist ljósleiðarinn inn á annan leiðara sem þegar hafði verið lagður fyrir Reykjanes og að Grindavík.

Skipulagsfulltrúi hefur gefið út framkvæmdaleyfi og óskar staðfestingar. Umhverfis- og skipulagsráð hefur samþykkt framkvæmdaleyfið.



Samkaup, Heimkaup og Orkan hefja samrunaviðræður

Undanfarna mánuði hafa Samkaup hf. og Skel fjárfestingarfélag hf. átt í könnunarviðræðum um fýsileika samruna Samkaupa og tiltekinnna dótturfélaga SKEL. Aðilar hafa framkvæmt forskoðun á samrunafélögunum með aðstoð sérfræðiráðgjafar og í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Skrifað hefur verið undir samkomulag um helstu forsendur fyrir því að hefja formlegt samrunaferli, þar sem Samkaup verður yfirtökufélagið. Nú hefjast því samningaviðræður um samrunann með það að markmiði að komast að samkomulagi um efni endanlegs kaupsamnings með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og hluthafafundar. Samruninn er í samræmi við framtíðarstefnu Samkaupa og felur í sér margvísleg tækifæri og breikkar tekjuginn félagsins.

„Samkaup er yfirtökufélag í þessum samruna og ég er mjög ánægður með þessa niðurstöðu eftir vinnu síðustu missera. Ég er sannfærður um að sameinað félag eigi eftir að gera góða hluti til hags-

bóta fyrir neytendur. Með sameiningu verður til fjárhagslega öflugt verslunarfélag á neytendamarkaði með sterka markaðshlutdeild í dagvöru, lyfjum og orku. Sameinað

félag er með djúpar rætur í þjónustu við viðskiptavini um allt land og verður enn sterkari keppinautur á markaði með mikil tækifæri til vaxtar. Aukin hagkvæmni hlýst af stærri rekstrareiningu en einnig eru mikil tækifæri víða um land með auknu þjónustuframboði,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, forstjóri Samkaupa, í tilkynningunni.



„Ég er sannfærður um að sameinað félag eigi eftir að gera góða hluti til hagsbóta fyrir neytendur. Með sameiningu verður til fjárhagslega öflugt verslunarfélag á neytendamarkaði með sterka markaðshlutdeild í dagvöru, lyfjum og orku,“ segir Gunnar Egill.

Upplýsingar um Samkaup, Orkana og Heimkaup:

■ Samkaup reka rúmlega 60 verslanir víðsvegar um landið undir vörumerkjunum Nettó, Kjörbúðin, Krambúðin og Iceland. Hjá félaginu starfa um 1.400 starfsmenn í rúmlega 660 stöðugildum.

■ Orkan starfrækir 72 orkustöðvar, tíu þvottastöðvar undir merkjum Lóðurs, sex hraðhleðslustöðvar, tvær vetnisstöðvar og eina metanstöð. Þá á félagið 32 fasteignir og lóðir víðs vegar um landið, auk annarra eigna.

■ Heimkaup reka sjö apótek undir merkjum Lyfjavals, netverslunina Heimkaup og nýu þægindaverslanir undir merkjum 10-11, Extra og Orkunnar, auk annarra eigna.

Vestursvæði, Keflavíkurflugvelli

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti á fundi sínum 6. maí 2024, að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Keflavíkurflugvallar á vestursvæði í samræmi við 43. gr. skipulagslaga.

Um er að ræða umtalsverða breytingu á gildandi skipulagi en meginbreytingin felst í að aðlaga núverandi deiliskipulagsáætlun í átt að nýrri þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar eins og eðlilegt þykir. Í því felast töluverðar breytingar en þær helstu eru fjölgun bílastæðahúsa úr einu í tvö, fækkun almennra bílastæða á yfirborði, breyting á legu Reykjanesbrautar og hringtengingu innan svæðis, stærð athafnasvæðis minnkar úr 22 ha. í 8 ha. og lóðir þar felldar niður. Lóðir fyrir nýtt flugvallarhótel og bílastæðahús eru nánar skilgreindar og lóðamörk færð til þar sem þarf í samræmi við nýtt og aðlagð gatnakerfi.

Jafnframt eru byggingarreitir við flugstöðina stækkaðir, heimild er veitt fyrir byggingu tveggja spennistöðva á nýjum lóðum og staðsettur er reitur fyrir nýtt auglýsingaskilti. Ásamt því er heimild veitt til haugsetningar/ geymslu jarðefna og staðsetning sýnd vestast á skipulagsvæðinu þar sem skipulagsvæðið er jafnframt stækkað um nokkra ha.

Tillagan er aðgengileg á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, sem og á vef Isavia frá 22. maí 2024 til og með 3. júlí 2024.

www.skipulagsgatt.is
www.isavia.is/skipulag-i-kyningu

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillöguna og koma með sínar athugasemdir eigi síðar en 3. júlí 2024 í gegnum Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.



Nýja íþróttahúsið við Stapaskóla tilbúið í lok júlí

Íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar heimsótti nýja íþróttahúsið við Stapaskóla á dögunum. Húsið á að vera tilbúið ásamt sundlaugarsvæði í lok júlí. „Um er að ræða glæsilega aðstöðu sem mun nýtast vel í kröftugu íþrótt- og lýðheilsulífi Reykjanesbæjar,“ segir í fundargerð ráðsins.

Opið fyrir tilnefningar á heiðursborgara Reykjanesbæjar

Reykjanesbær hefur ákveðið að útnefna heiðursborgara á hátíðarfundum bæjarstjórnar sem fram fer á 30 ára afmælisdegi sveitarfélagsins þann 11. júní næstkomandi.

Óskað er eftir tilnefningum frá starfsmönnum, bæjarbúum og öðrum áhugasömum aðilum á netfangið heiðursborgari@reykjanesbaer.is fyrir 1. júní 2024.

Auk nafns, kennitölu og heimilisfangs þeirra sem tilnefnd eru þarf að fylgja ítarlegur rökstuðningur ásamt upplýsingum um sendanda.

Útnefning heiðursborgara Reykjanesbæjar tekur mið af störfum viðkomandi einstaklings í þágu Reykjanesbæjar eða afrekum í þágu lands og þjóðar. Er sérstaklega litið til þess hvort störf viðkomandi hafi haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið.



Stefnumótun HSS með íbúum

Developing strategic plan with residents

Kæru íbúar

Við á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja höfum hafið vegferð við stefnumótun fyrir stofnunina með það að markmiði að veita framúrskarandi fyrsta og annars stigs heilbrigðisþjónustu.



Ætlunin er að móta stefnu HSS til næstu þriggja ára. Í stefnunni verður greint frá markmiðum ásamt almennum áherslum og hvernig þeim verði náð. Við munum gera grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem verða lögð til grundvallar mati á árangri starfseminnar. Stefnan verður síðan staðfest af heilbrigðisráðherra og kynnt síðar á árinu.

Markmiðið er að byggja upp sterka ímynd og efla traust til stofnunarinnar. Til að svo megi verða er mikilvægt að vita skoðanir íbúa á því hvað HSS gerir vel, hvað má gera betur og hvaða áherslur íbúar vilja að verði í starfseminni næstu árin.

Því bjóðum við ykkur á fund með okkur þann 5. júní kl. 17:00–18:30 í Hljómahöllinni og væntum við þess að sjá sem flesta.

Vinsamlega skráið þátttöku á fundinn fyrir 3. júní með því að senda tölvupóst á netfangið stefnumotun@hss.is. Til að geta tekið sem best á móti ykkur og raða í hópa væri gott að hafa upplýsingar um nafn, búsetu og aldur í tölvupóstinum.

Dear residents,

We at the Health Institution of Suðurnes (HSS) have started a journey to develop a strategic plan for our institution with the goal of providing outstanding primary and secondary healthcare services.

Our intention is to formulate a strategy for the next three years. This strategy will outline our objectives, general priorities, and the means by which we will achieve them. We will present the key milestones and standards that will form the basis for evaluating the success of our operations. The strategy will then be approved by the Minister of Health and introduced later this year.

Our goal is to build a strong image and enhance trust in HSS. To achieve this, it is essential to understand residents' opinions on what HSS does well, what could be improved and what priorities residents would like to see in our operations over the coming years.

Therefore, we invite you to a meeting with us on June 5th at 5 PM in Hljómahöllin. The meeting will start at 8 PM and end 9:30 PM.

Please register on or before June 3rd by sending us an e-mail stefnumotun@hss.is where you inform us that you will attend and state your name and age so that we can welcome you as best we can.

Með kærri kveðju,

Guðlaug Raket Guðjónsdóttir, forstjóri HSS

Sincerely

Guðlaug Raket Guðjónsdóttir, CEO



HSS

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



H I T A V E I T A R A T Ú S N
I L Ó R Ó I Ð R O F A Ð R O K
A S M U S T Ú R U Ð Ó J R A E
J É A Ð T O R B N N I Ð K Ó F
N Ð R A K A M B Ó K U S T É U
G Ú Ú N S R G É R R Ó Ð A U R
Ö S M U G U G E L Ú P Æ G R M
L U M M A M M J Ó S É U F A U
S P E D B A Ó T S Æ L S A R L
N L Ú Ð K S Ó L É F U G N E L
T G S I K M K A N E P A É T A
A A R J S A G N U L R U T S É
V T H D N U T S A N G A S U Æ
S B Ú K O L L U R S T G U D P
A I R Ó J T S U L G E R G Ö L

NORÐURLJÓS
LÖGREGLUSTJÓRI
STRIKAMERKI
VATNSLÖGN
HITAVEITA
BÚKOLLUR
TÓMARÚM
SAMUR
INNBROT
STURLUNGA

FLUGUR
SAGNASTUND
RJÓÐUR
KRÚS
TAGL
LUMMA
ORÐAFORÐI
AÐENA
MUNADUR
URMULL

Gangi þér vel!

SUÐURNESJA VF magasín

Þú finnur allt það nýjasta í
sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert
efni í Suðurnesjamagasín?
Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bílaviðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR



Brekkustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur
heimilismatur
í hádeginu

Opið:
11-13:30
alla virka daga

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin,
fáðu heymartæki
til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //



Loðnuveiðar hófust frá Sandgerði

Samkvæmt dagatalinu þá á að vera komið sumar en miðað við hversu kalt er búið að vera á Suðurnesjum síðustu daga, þá fer eitthvað lítið fyrir þessu blessaða sumri.

Þrátt fyrir kuldann var mikið um að vera í Sandgerði vikuna fyrir hvítasunnuhelgina því hátt í 60 bátar voru að landa á hverjum degi í Sandgerði og af þeim voru um 50 til 54 strandveiðibátar.

Veði strandveiðibátanna var mjög góð og náðu þeir allir skammtinum sínum – og smá auka með því töluvert er að ufsa í afla bátanna. Bátarnir voru flestir á veiðum við Garðskagavita og síðan meðfram ströndinni áleiðis að Reykjanestá.

Það er kannski oft mikið mál að fjalla um alla strandveiðibátana sem eru að veiða en lítum á nokkra. Gullfari HF 4,5 tonn í sex róðrum, Guðrún GK 7,1 tonn í sjö róðrum, Dýrið GK 6,7 tonn í átta róðrum, Gola GK 6,5 tonn í átta róðrum, Margrét SU 5,5 tonn í sjö róðrum, Hafdalur GK 8,8 tonn í átta róðrum, Tóki ST 6,9 tonn í níu róðrum, Giddý GK 6,7 tonn í sjö róðrum, Dímon GK 6,6 tonn í átta, Sandvík KE 6,4 tonn í sjö og Kiddi GK 6,3 tonn í átta róðrum, allir bátarnir að landa í Sandgerði.

Einn af þeim bátum sem hefur verið á strandveiðunum er nýr bátur sem heitir Hadda HF 52. Skipstjóri og eigandi bátsins er Þorvaldur Árnason en hann lenti

í því óhappi að 129 metra langt flutningaskip, sem var á siglingu utan við Garðskagaflösinu, og báturinn Hadda HF lentu í árekstri og Höddu HF hvöfði. Sem betur fer var Arnar Magnússon, skipstjóri, rétt hjá bátunum og náði Arnar að bjarga Þorvaldi. Hadda HF var síðan dregin til hafnar í Sandgerði og maraði báturinn í kafi alla leiðina til Sandgerðis.

Nafnið Hadda er Sandgerðingum ansi vel kunnugt því móðir Þorvalds, Halldóra Þorvaldsdóttir, var kölluð þessu nafni. Hún bjó með manni sínum, Árna Árnasyni, í Landakoti í Sandgerði. Bróðir Árna var Óskar Árnason sem rak rækjuverksmiðju í Sandgerði sem bar nafn hans og rak hann rækjuverksmiðjuna í hátt í 25 ár. Ég sjálfur vann meðal annars í rækjuverksmiðjunni og þá var Hadda líka að vinna þar.

Hadda og Árni voru saman í útgerð og gerðu út eikarbát í mörg ár sem hét Hjördís GK en sá bátur sökk utan við Stafnes árið 1990. Árni Árnason lést árið 1993 og áttu þau þá plastbát sem hét Hafdís GK 32. Eftir að Árni lést gerði Hadda út Hafdís GK til 1997 þegar að báturinn var seldur. Saga Hafdísar endaði árið 2008.

Faðir Árna hét Árni Magnússon en árið 1963 hafði hann verið skipstjóri á bátum frá Sandgerði og gekk mjög vel en hann ásamt bróður sínum, Einar Magnússyni, og skipstjóranum Hrólfi Gunn-

AFLAFRÉTTIR

Gisli Reynisson
gisli@aflafrettir.is



arssyni fengu glænýjan bát í júní árið 1963 og fékk hann nafnið Árni Magnússon GK 5. Hrólfur Gunnarsson var mikill aflaskipstjóri og má geta þess að þessi sami bátur var einn af fyrstu bátum herna á Íslandi til þess að veiða loðnu en það var í febrúar árið 1964.

Fram að þeim tíma var ekki litið við loðnu og voru allir bátar sem voru á nótaveiðum á síld og enginn var að spá í loðnunni. Þarna í febrúar árið 1964 fékk Árni Magnússon GK fullfermi af loðnu sem voru tæp 160 tonn og þar sem enginn bræðsla vildi kaupa loðnuna var henni allri landað og seld línubátasjómönnnum um allt Suðurland og Vestfirði.

Í veiðiferð númer tvö reyndi Hrólfur að selja bræðslum loðnuna en það var ekki fyrr en Guðmundur Jónsson, sem þá var með loðnuverksmiðju í Sandgerði, ákvað að kaupa fyrsta loðnufarminn og þar með hófust loðnuveiðar herna við land. Þannig að báturinn Hadda HF og saga fjölskyldu Þorvalds skipstjóra er ansi merkileg með tilliti til þess að það var fólk í hans fjölskyldu sem var fyrst til þess að hefja loðnuveiðar og heimabærinn þeirra, Sandgerði, var fyrsti bærinn á landinu til þess að bræða loðnu.



Áhöfn björgunarskipis Hannesar D. Hafstein hefur haft í nógu að snúast síðan strandveiðitímabilið hófst í upphafi mánaðar. Mis alvarleg útköll hafa borist. Vélarvana bátar hafa verið sóttir og þá hafa komið útköll á efsta forgangi, eins og greint er frá á öðrum stað í blaðinu. Hér sáum við björgunarskipið koma með vélarvana bát til Sandgerðis. Á innfelddu myndinni sést Hannes með gamla vitann á Garðskaga í forgrunni. VF/Hilmar Bragi

Þú finnur allar
nýjustu fréttirnar
frá Suðurnesjum á

vf.is

Deloitte.

Láttu næsta skref skipta máli

Við erum að ráða
í **Reykjanesbæ**



Tíu ára farin að safna námsbókum því hún ætlaði að verða kennari

Lóa Björg Gestsdóttir er nýr skólastjóri Heiðarskóla í Keflavík

Lóa Björg Gestsdóttir, nýráðin skólastjóri Heiðarskóla í Keflavík, er fædd og uppalin í Keflavík. Hún segist hafa átt góðan vinnuhóp og frábæra fjölskyldu þegar hún var að alast upp. Lóa var mikið í íþróttum á yngri árum og tók þátt í öllum boltaíþróttum sem voru í boði í Keflavík á þeim tíma. Skiptir þá engu hvort um að að ræða handbolta, fótbolta eða körfubolta. „Það var mikið lán að fá að alast upp í því umhverfi,“ segir hún. Lóa var m.a. í gullaldarliðinu þar sem þær Annar María Sveinsdóttir og Björg Hafsteinsdóttir voru stóru stjórnurnar og hún rifjar upp að það hafi verið einstakt að sex æskuvinkonur sem halda mikið hópinn, Anna María Sigurðardóttir, Ásdís Þorgilsdóttir, Lilja Sæmundsdóttir, María Rut Reynisdóttir og Sigrún Haraldsdóttir, hafi náð því að verða saman Íslandsmeistarar í handbolta, fótbolta og körfubolta í yngri flokkum. „Það eru ekki margir sem geta státað af því saman,“ segir Lóa og brosir þegar hún rifjar upp þessi gömlu afrek.

Byrjaði í Myllubakkaskóla

Lóa Björg er eiginkona og móðir, eiginmaður hennar er Guðmundur Skúlason. Hún á tvo drengi sem eru orðnir fullorðnir og eru 22 og 26 ára gamlir. Hún hefur starfað víða en lang mest í skólaumhverfinu. Hún hóf ferilinn í Myllubakkaskóla þegar Vilhjálmur heitinn Ketilsson réði hana þangað. Þar var hún í eitt ár áður en hún fór í kennaranámið og kláraði það. Þaðan lá leiðin í Holtaskóla. Úr Holtaskóla var Lóa numin yfir heiðina í Sandgerði. Þar starfaði hún sem deildarstjóri við Sandgerðisskóla í átta ár með góðum leiðtoga. Í Sandgerði ákvað hún að söðla um og horfa á skólann utan frá og réð sig sem námsbrautastjóra til Isavia í fimm ár. Núna er Lóa á fjórða ári í Heiðarskóla og orðin skólastjóri þar.

Hvað var það sem dró þig í skólann? Þú ert komin með viðtæka reynslu þar.

„Ég var heppin með kennara þegar ég var yngri. Ég átti flotta kennara sem lögðu ekki bara rækt við námið, heldur einnig hvernig

manneskjur við vorum og ólu okkur svolítið upp. Ég ákvað mjög fljótlega að ég ætlaði að verða kennari. Ég var að ég held tíu ára þegar ég byrjaði að safna námsbókunum. Ég útskrifaðist sem stúdent á haustönninni og það var þá sem Vilhjálmur heitinn náði að plata mig til að vera forfallakennari eina önn. Þá var ekki aftur snúið, þetta heillaði mig algjörlega.

Ég fór þá í kennaranámið en náði ekki að klára það alveg þar sem ég eignaðist drengina mína sem voru báðir miklir fyrirburar og ég þurfti að einbeita mér að því. Ég hitti svo Jónínu Guðmundsdóttur, sem þá var aðstoðarskólastjóri í Holtaskóla. Þá var verið að breyta skólanum þannig að hann varð fyrir nemendur í fyrsta til tíunda bekk en hafði áður verið gagnfræðaskóli fyrir eldri nemendur. Ég var ráðin þangað og lærði mikið af því fólki sem þar var.“

Búin að vera mikil reynsla

Nú ertu búin að vera í Heiðarskóla í fjögur ár. Hvernig er að vera hér?



Lóa Björg Gestsdóttir var á dögnum ráðin skólastjóri Heiðarskóla í Keflavík. Viðtal og mynd: Hilmar Bragj Bärðarson

„Bara gaman og þetta er búin að vera ótrúlega mikil reynsla. Ég kem hingað árið 2020 í kórónuveirufaraldrinum. Ég kem inn um haustið en faraldurinn var búinn að vera frá því í mars. Fólk var í hólfum hér og þar og það tók því smá tíma að komast inn. En hérna er ofboðslega flott starfsfólk og góður starfsandi og það sem við gerum vel í Heiðarskóla er að taka á móti nýju fólki. Hér er gott að starfa og fólk býið að vera hérna lengi. Hér líður bæði starfsfólki og börnum vel og það er það sem við horfum helst til. Þess vegna er gott að vera hér. Ég er að taka við sprötnum af Bryndísi Jónu Magnúsdóttur, sem hefur staðið sig frábærlega vel, og nú er bara að láta skólann skína skært

áfram, eins og hann hefur verið að gera.“

Það er talað um að allir skólar hafi sinn brag. Hvernig er Heiðarskóli?

„Heiðarskóli er kjarnaskóli. Ég er að kynna því núna í Reykjanesbæ að skólastjórnendasamfélagið er svo öflugt. Þetta eru sjö grunn-skólar. Við vinnum mikið saman og leitum ráða hjá hvort öðru. Það er gott og heillar mig mikið. Það sem Heiðarskóli hefur er háttvísi, hugvit og heilbrigði og það eru lykilorð skólans. Við vinnum með það.

Við erum heilbrigð og tökum þátt í Skólahreysti og stefnum alltaf hátt. Það er hátt hlutfall nemenda í Heiðarskóla sem stunda íþróttir eða tómstundir.

Við erum líka skapandi skóli. Bygging skólans er einföld, það liggur ein gata í gegnum skólann. Öðru megin eru bekkjarstofurnar og beint á móti þeim eru verkgreinar. Stofurnar eru stórar og við viljum halda skapandi starfi hátt á lofti og að geta skilað verkefnum á margskonar máta.

Í hugvitinu erum við tækniskóli. Það er hröd tækniþróun og vil þurfum að halda okkur á þeim vagni.

Í háttvísi erum við uppbyggingarstefnuskóli og byggjum á þeirri stefnu. Það skiptir öllu máli að börnunum líði vel. Við vitum að ef okkur líður ekki vel þá vegnar okkur ekki vel. Börnunum þarf að líða vel til að vegna vel í námi og skóla. Það skiptir máli.“

Ekki að taka U-beygju

Ertu að fara að breyta einhverju?

„Ég er ekki að fara að taka U-beygju, það er alveg á hreinu. Hérna er flott og gott starf. En með nýjum stjórnanda koma nýjar áherslur. Það skiptir mig máli að hafa gildi sem manneskja. Ég fylgi mínum gildum í stjórnun og í lífinu og ég vil efla hvern leiðtoga innan skólans, hvort sem það er starfsfólk eða nemendur og það mun ég leggja áherslu á. Það hefur líka verið gert áður og við höldum áfram því starfi sem hér hefur verið og er flott. Svo sái ég mínum fræjum.

Í dag eru nemendur Heiðarskóla 447 talsins og hefur fjölgað

um 40 í vetur en þegar skólastafið hófst síðasta haust voru nemendur 407 talsins. Það hafa því bæst við samtals tvær bekkjadeildir í vetur. Barnafólki í skólahverfinu er að fjölga, hverfið er að yngjast. Eins og staðan er núna verða um 460 nemandi sem sækja skólann næsta haust. Það þýðir að í haust verður þremur bekkjardeildum meira í skólanum en síðasta haust. Lóa segir að skólinn sé núna að glíma við húsnæðisskort og þá þurfi að hugsa aðeins út fyrir kassan og huga vel að nemendum og starfsfólki. Þá er hluti af fjölguninni börn sem eru að koma frá Grindavík. Þau koma inn með allskonar líðan, eðlilega eftir það sem þau hafa gengið í gegnum. Lóa segir allt gert til að taka vel á móti þeim og öllum nýjum nemendum Heiðarskóla.

Skólahreysti hluti af skólastarfinu

Úrslitin í Skólahreysti eiga eftir að fara fram og það var saga til næsta bæjar að Heiðarskóli komst ekki í úrslit að þessu sinni. Hvernig brugðust nemendur við því?

„Það voru alls konar tilfinningar en við erum staðráðin í að vera í úrslitum á næsta ári. Skólahreysti er líka orðin hluti af skólastarfinu. Þetta er valgrein hjá okkur og að velja þetta ótrúlega margir. Svo er alltaf undankeppni í skólanum þar sem nemendur keppast um að komast í keppnislið skólans. „Keppnin er hörð og það er mikill metnaður hjá íþróttakennurum okkar fyrir þessu. Það er súrt að vera ekki með núna í úrslitum en Holtaskóli heldur uppi heiðri Reykjanesbæjar. Við höldum öll með Holtaskóla að þessu sinni.“

Nú er sumarið að koma og skólinn að klárast á næstu dögum. Lóa segir braginn breytast í maí. Nemendur vilja komast út úr húsi og allir eru farnir að vaka lengur. Hún segir að núna þurfi að hugsa út fyrir boxið og breyta skólastarfinu síðustu vikurnar. „Það má líka læra stærðfræði úti. Það þarf ekki að sitja inni í stofu til þess. Það er búin að vera gaman síðustu vikur að horfa á starfsfólkið að breyta skólastarfinu í takti við vorið,“ segir Lóa Björg Gestsdóttir, nýr skólastjóri Heiðarskóla.

Fallegt fyrir heimilið

Bjóðum upp á mikið úrval af fallegum og vönduðum húsgögnum og gjafavöru fyrir heimilið



HTL hvíldarsófi með tveimur rafstýrðum sætum og stillanlegum höfuðpúðum
Verð í áklæði kr. 298.000,-, í leðri kr. 549.000,-

HEIMAHÚSIÐ


Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

Ísland á kraftmikla

forystukonu

Katrín 2024

www.katrinjakobsdottir.is



Björgunarskipið Hannes P. Hafstein komið til Sandgerðis með Höddu HF. VF/Hilmar Bragi Bárðarson



Arnar Magnússon strandveiðisjómáður á Golu GK.

Stærsti róðurinn á ævinni

■ Arnar Magnússon bjargaði vini sínum, Þorvaldi Árnasyni, úr sjávarháská eftir að flutningaskip sigldi hann niður norðvestur af Garðskaga.

Arnar Magnússon, strandveiðisjómáður á Golu GK, bjargaði lífi Þorvaldar Arnasonar, lyfjafræðings og strandveiðisjómanns, úti fyrir Garðskaga í síðustu viku. Þorvaldur var á leiðinni til fiskjar á Höddu HF þegar fraktflutningaskipið Longdawn sigldi hann niður á siglingaleið um sex sjómilur norðvestur af Garðskaga á þriðja tímanum aðfaranótt fimmtudagsins 16. maí síðastliðinn. Arnar og Þorvaldur hafa þekkt í um fjóra áratugi. Þeir voru saman á sjó í gamla daga og hafa svo verið að fást við strandveiðar á bátum sínum sem þeir gera út frá Sandgerði. Þorvaldur er nýlega byrjaður að stunda sjóinn að nýju. Hann átti Apótek Suðurnesja og Lyfjaval þar til fyrir stuttu að hann seldi reksturinn. Í stað þess að setjast í helgan stein ákvað hann að hafa eitthvað fyrir stafni með sjómennsku.

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is

„Við fylgdumst að þegar við vorum að fara út klukkan tvö og töluðum saman þegar við vorum komnir út fyrir sundið þegar klukkan var tíu mínútur yfir tvö. Við vorum á sömu stefnu hérna norðvestur eftir og hann var aðeins vestan við mig. Ég var að fylgjast með skemmtiferðaskipi sem var að koma og svo sá ég að það var fraktari á ferðinni framfar. Hann var svo kominn vestur fyrir mig þegar ég sigli fram á það sem ég hélt að væri gámur í sjónum, því þeir hafa verið að skoppa af þessum skipum. Þá sá ég fiskikar. Það var myrkur og þegar ég kem nær sé ég að þetta er bátur og ég sé nafnið á honum og fékk bara sting í hjartað. Þetta er góður vinur minn sem ég er búinn að þekkja í 40 ár. Báturinn var á hvolfi og ég kallaði strax í Landhelgisgæsluna að fá þyrlu og reyna að gera eitthvað sem fyrst. Ég sagði þeim að hann væri fastur inni í bátinum. Ég gat ekkert gert því báturinn flaut þannig að hann var alveg á hvolfi og hallaði aðeins í stjórn og niður að aftan. Ég beið við bátinn og þá skýtur honum upp. Þá hafði hann náð að komast í flotgalla inni í bátinum og náð að brjóta sér leið út. Hann var svo þungur að ég varð að koma með bátinn og draga hann að. Til að ná honum um borð tók ég hann að aftan við stigann. Ég lét hann setjast á grindina og sagði honum að slaka á og aðeins að róa okkur, því við vorum í góðum málum. Gallinn hans var fullur af sjó svo ég varð að skera skálmarnar af til að ná honum um borð. Annars hefði ég ekki náð honum.

Þegar hann var kominn um borð fékk hann þurr föt og kaffi og við knúsuðumst. Þetta var bara yndislegt. Ég hafði fengið sting í hjartað en þarna fékk ég gleðina í hjartað á ný þegar ég var búinn að ná honum um borð. Þetta er það besta sem

nokkur sjómáður getur tekið þátt í, að bjarga öðrum.“

Varstu þarna búinn að sjá skemmdir á skrokknum á bátinum hjá honum?

„Nei, hann hallaði þannig og ég var að reyna að sjá ljós inni í bátinum hjá honum og hvort hann væri þar. Það var verst að ég gat ekkert gert.“

Vissi hann hvað gerðist?

„Hann sagði að það hafi bara verið högg. Mér datt strax í hug að það hafi verið fraktskipið. Ég lét líka Landhelgisgæsluna vita af því. Það passaði miðað við fjarlægðina í skipið. Það var alveg blíða og ekkert að sjónum. Ef þú siglir á rekald á svona bát, þá fer hann ekki á hvolf, það fer bara skrófan og stýrið. Þetta er fimm tonna bátur og það þarf eitthvað mikið til að svona bátur fari á hvolf.“

Arnar tekur strax stefnuna á Sandgerði með Þorvald þar sem sjúkrabíll beið þeirra. Farið var með Þorvald í skoðun á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, en hann hafði aðeins vankast við áreksturinn við flutningaskipið. Arnar tók hins vegar stefnuna aftur á miðin og fiskaði vel.

„Maður uppsker eins og maður sáir. Ég er búinn að læra það í lífinu og það gerðist þarna.“


Er þetta þinn stærsti róður?

„Þetta er stærsti róðurinn á ævinni. Ég er búinn að vera 44 ár til sjós og þetta er stærsti róður sem ég hef nokkru sinni farið og ég vona að ég þurfi aldrei aftur að fara svona róður.“

Þegar Víkurfréttir ræddu við Arnar var hann nýbúinn að landa afla dagsins. Hann hafði um morguninn heyrst í Þorvaldi og hann hafi verið nokkuð brattur.

Ætlar hann aftur á sjóinn?

„Etlí ég taki hann ekki bara með mér. Það er sennilega öruggast að hann sé bara með mér.“



1. Arnar Magnússon strandveiðisjómáður á Golu GK kemur í land með flotbúninginn sem hann þurfti að skera af Þorvaldi. **2.** Flutningaskipið Longdawn í Vestmannaeyjum. (Ljósmynd: Þorsteinn Gísla) **3.** Björgunarskipið Hannes P. Hafstein við Höddu HF þar sem hún marar í kafi um sex sjómilur norðvestur af Garðskaga. **4.** Þorvaldur Árnason lyfjafræðingur og strandveiðisjómáður var á Höddu HF og var bjargað af Arnari. Þeir hafa verið góðir vinir í fjóra áratugi og verið saman til sjós. **5.** Hadda HF komin upp á bryggju í Sandgerði, þangað sem báturinn var dreginn. Eins og sjá má á skrokki bátsins er hann talsvert brotinn eftir áreksturinn við flutningaskipið. VF/Hilmar Bragi Bárðarson

Arnar segir að þegar hann hugsar ferlið til baka þá hafi verið erfitt að geta ekkert gert, því það hefði getað stofnað honum sjálfum í hættu. Það hafi því verið mikil gleði að sjá Þorvaldi skjóta upp við hliðina á bátinum. Björgunin hafi þannig tekið stuttan tíma og þeir hafi verið fljótir í land. Hann hafi siglt Golu GK á sparisinglu í land, þ.e. það hafi verið aðeins meiri eldsneytisgjöf en vanalega.

Arnar vill leggja áherslu á að menn tali saman úti á sjó. „Ef við hefðum ekki verið búnir að tala saman, þá er ekki víst að það hafi farið svona vel. Menn verða að hafa samband sín á milli en vera ekki að þverskallast einhversstaðar og enginn veit neitt og þú lendir kannski í ógöngum. Að hafa samskipti er lyklatríði,“ segir Arnar Magnússon, strandveiðisjómáður, í samtali við Víkurfréttir.

Um sjóslýsið

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar barst neyðarkall frá Arnari Magnússyni vegna annars strandveiðibáts klukkan 02:42 þess efnis að bátur í grenndinni væri að sökkva um sex sjómilur norðvestur af Garðskagavita.

Þyrlusveit Landhelgisgæslunnar var þegar í stað kölluð út á hæsta forgangi ásamt sjöbjörgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Suðurnesjum. Þá voru nálæg fiskiskip og bátar beðin um að halda á staðinn.

Skömmu eftir að neyðarkallið barst Landhelgisgæslunni hafði Arnar Magnússon aftur samband og tjáði varðstjórnum í stjórnstöð að hann væri búinn að bjarga manningunni úr sjónum en bátsverjanum tókst að komast í björgunargalla þar sem bátur hans maraði í kafi á hvolfi. Maðurinn var kaldur eftir veruna í sjónum og var siglt með hann til Sandgerðis, þar sem sjúkrabíll beið hans.

Björgunarskipið Hannes P. Hafstein dró bátinn til Sandgerðis.

Flutningaskipinu Longdawn var stefnt til hafnar í Vestmannaeyjum þar sem skipstjóri og tveir stýrimenn voru handteknir. Skipstjórinn og annar stýrimaðurinn voru úrskurðaðir í farband í Héraðsdómi Reykjaness. Ummerki um árekstur eru á báðum sjóforunum. Ummerki voru á Höddu HF eftir perustefni Longdawn og á perustefni flutningaskipsins mátti sjá ummerki eftir áreksturinn.

Landhelgisgæslan vill koma á framfæri sérstökum þökkum til skipstjóra strandveiðibátsins sem sýndi mikið snaræði við björgun mannsins og einnig til annarra viðbragðaðila sem brugðust við með skjóttum og fumlausem hætti.



EKKI ÓTTAST RIGNINGUNA

Lindab þakrennur eru bæði endingargóðar og fallegar

Skoðaðu úrvalið á limtrevirnet.is



- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Auðvelt í uppsetningu.
- Fjölbreytt úrval lita í boði.
- Allar helstu einingar á lager.

Fyrsta leikhúsið var á æskuheimilinu í Grindavík

Bæði betra að leika og leikstýra

„Ég valdi alla áfanga sem tengjast list að einhverju leyti, var með fleiri einingar en þurfti en gat ekki útskrifast því það var engin braut til, því mætti kalla mig eilífðarstúdent,“ segir leikarinn og leikstjórinn Bergur Þór Ingólfsson. Hann ólst upp í Grindavík, var mjög snemma farinn að setja upp leiksýningar heima hjá sér svo það var snemma nokkuð ljóst hvert hugurinn leitaði. Hann stendur á krossgötum í dag, hefur ákveðið að söðla um og flytja sig norður yfir heiðar og taka við stöðu leikhússtjóra Leikfélags Akureyrar.



VFD TALID

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vfi.is



Bergur taldi þetta réttan tímapunkt að vanda kvæði sínu í kross.

„Það hefur verið allur gangur á því hvort leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar búi á staðnum en það var enginn vafi í mínum huga að flytja norður, ég hef aldrei gert neitt með hálfkákí. Ég mun stýra og reka leikhúsið en er líka með aðstöðu í Hofi sem er menningarhúsið Norðlendinga. Við vinnum undir Menningarfélagi Akureyrar með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og viðburðarsviði Hofa. Mitt starf mun felast í að ákveða hvaða sýningar eru settar á svið og raða í hlutverk, bæði leikara og leikstjóra. Það er hefð fyrir því að leikhússtjórinn leikstýri sýningum og ég mun pottþétt gera eitthvað af því og sömuleiðis sé ég fyrir mér að leika, ég held að ég muni ekki bera báða hattana í einu en þó veit maður aldrei. Ég er mjög spennur fyrir þessu tækifæri, það var í raun Eva konan mín [Eva Guðjónsdóttir] sem fékk hugmyndina að sækja um. Ég var einn af rúmlega tíu umsækjendum og er auðvitað í skjýjunum með að fá stöðuna. Ég er á þeim aldri að það var annað hvort núna að vanda kvæði okkar í kross eða halda áfram á þeirri braut sem ég var, sem ég var svo sem sáttur með en það verður gaman að reyna nýja hluti. Ég var búinn að vera í 24 ár í Borgarleikhúsinu og þetta er góður tímapunktur að breyta til. Ég hef störf í sumar og ráðningin er ótímabundin, guð einn veit hversu lengi við munum vera fyrir norðan og kannski veit guð

ekki einu sinni neitt um það. Eva vinnur sem búningahönnuður, þarf starfsins vegna að vera á staðnum og því er viðbúið að hún þurfi að flakka á milli landshluta en það er enginn heimsendir.“

Snemma beygist krókurinn

Bergur var ekki gamall þegar hann vissi hvaða slóð hann myndi feta á atvinnubrautinni.

„Ég á minningar af mér mjög ungum að setja upp leiksýningar heima í Mánaundinu. Það kenndi ýmissa grasa í þessum sýningum og ég held að það hafi ekki verið margar árhátíðir í skólanum þar sem ég var ekki með í leiksýningunni. Á 17. júní skemmtunum náði ég venjulega að koma mér í eitthvað hlutverk svo það var snemma nokkuð ljóst hvert ég stefndi. Þegar ég var u.þ.b. tíu til tólf ára var ég í afmæli hjá Sólmyju Páls og Margrét systir hennar var í afmælinu. Hún var á þessum tíma að kenna í Leiklistarskólanum og sagði við mig að ég ætti að fara í skólann. Ég vissi ekki af þessum skóla og brosið sem færðist yfir andlitið á mér hefði vist getað lýst upp heilt herbergi, frá þessum tímamarki

var ég búinn að taka stefnu. Ég byrjaði sömuleiðis að syngja í hljómsveit sem hét Móðins, við vorum mjög duglegir að spila á böllum víðsvegar um landið, ég á margar góðar minningar af sveitaballarúntum en við vorum líka byrjaðir að semja okkar eigin tónlist. Við vorum komnir með efni á plötu og tókum upp, settum það á kassettur og margir Grindvíkingar vilja fá efnið á streymisveitur og hver veit nema við munum einhvern tíma gera það. Inn á milli voru þetta góð lög held ég en ég hef samið urmul laga og eru þau til á ótal spólum sem pössuðu í diktafóninn minn. Ég held ég fái nýja lagahugmynd á hverjum degi - fæst útgáfuhæf - en eftir að ég þurfti að hætta í hljómsveitinni vegna framkomubannsins sem þá var við lýði, hef ég ekki þurft vettvang til að þjóna tónlistargöjnum. Það að vinna í leikhúsi, oft á tíðum í söngleikjum, hefur svarað tónlistarþorstanum og því hef ég ekkert gert með þessi lög,“ segir Bergur.

Leiklistarskólinn

Bergur gekk í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, tók í raun sína eigin leikarabaut en hún var að sjálf-sögðu ekki í boði á þeim tíma.

„Ég valdi alla áfanga sem gátu tengst leikaralistinni, tók alla íslensku og ensku, allt sem tengdist list og íþróttum og var með fleiri einingar en þurfti til að útskrifast sem stúdent en það var bara engin braut sem ég gat útskrifast af og því mætti kannski segja að ég sé eilífðarstúdent. Ég sótti um í Leiklistarskólann þegar ég var 22 ára gamall en ári áður hafði ég fengið nýtt hlutverk í hendurnar, varð þá pabbi þegar Nína Rún fæddist. Ég hafði verið að vinna hin ýmsu störf, m.a. hjá Íslenskum aðalverktökum en sótti svo um og komst inn í skólann ásamt fjórum öðrum. Ég held að útskriftarárgangurinn minn teljist



sterkur, allavega höfum við öll getað starfað við leiklist síðan þá. Við útskrifuðumst árið 1995, ég, Halldóra Geirharósdóttir, Kjartan Guðjónsson, Sveinn Þórir Geirsson og Pálína Jónsdóttir.

Ég gat kannski ekki fengið betri byrjun á leiklistarferlinum, fyrsta hlutverkið var í Súperstar, ég lék Annas æðstaprest. Leikaravalið var einstaklega vel heppnað því þarna skein stjarna poppgoðanna Stefáns Hilmarssonar úr Sálinni hans Jóns míns, og Páls Óskars Hjalmtýssonar, mjög skært. Ég lék hin ýmsu hlutverk á næstu fimm árum í Þjóðleikhúsinu, færði mig síðan yfir í Borgarleikhúsið um aldamótin og er að ljúka leik þar, í bili að minnsta kosti.“

Leikstjórinn og Kólíbalómi

Bergur var ekki búinn að vera lengi starfandi sem leikari þegar honum bauðst að leikstýra í grunnskóla og þar með upphófst má segja nýr kaflí hjá honum.


„Ég hafði í raun engar áhyggjur af því að ég gæti þetta ekki, ég hafði starfað í leikhúsi og sá hvernig leikstjórarnir voru að gera þetta. Þetta fyrsta verkefni gekk vel og mér buðust fleiri verkefni á næstu árum og orðsporid greinilega barst stjórnendum mínum í Borgarleikhúsinu og mér fóru að berast tækifæri á að leikstýra þar. Ég hef jöfnum höndum leikið og leikstýrt allar götur síðan og ef þú spyrð mig hvort ég kunnir betur við þá segi ég einfaldlega að bæði sé betra!

Ég hef líka fengið tækifæri á að semja leikrit og söngleiki, ég samdi t.d. alla textana í Bláa hnettinum og hef sett upp sýningar á leikritum sem ég hef samið. Samt athyglisvert kannski að fyrsti söngleikurinn eftir mig var sýndur í Grunnskóla Grindavíkur árið 1991, þá

var ég nýbyrjaður í Leiklistarskólunum. Pálmi bróðir minn var þá kennari og þessi hugmynd fæddist hjá einhverjum, að leiksýningin á árhátíð skólans yrði frumsaminn söngleikur. Pálmi vissi auðvitað að þetta blundaði í mér og ég samdi söngleikinn Kólíbalómi. Það var greinilega mikill metnaður settur í þetta, tónlistarmaðurinn Björn Jörundur Friðbjörnsson í Nýdönsk sem þá var nýlega kominn fram á sjónarsviðið var fenginn til að leikstýra og stýra hljómsveitinni sem spilaði undir og held að óhætt sé að segja að vel hafi til tekist. Söngleikurinn var sýndur í Festi og voru nokkrar aukasýningar svo Grindvíkingar gætu séð. Ég hef verið spurður að því hvort þessi söngleikur myndi standast tímans tönn í dag og endurfluttur af einhverjum skólanum, ég er nú smeykur um að ég þyrfti eitthvað að endurhugsa söguþráðinn og handritið. Aðal-söguhetjan var geimvera sem nauðlenti geimskipinu sínu á jörðinni því það vantaði eldsneyti. Eftir mikil ævintýri endaði hann á úti-hátíð og hitti þar strák sem var að borða sviðasultu - sem var einmitt eldsneytið á geimskutluna. Ekki dýrt kveðið þarna má segja og ég myndi nú vilja fínþússa söguna og handritið þar með. Lögin voru allt í lagi held ég þótt þetta hafi nú ekki verið flóknar lagasmíðar, textarnir myndu þó væntanlega taka breytingum samhliða breyttum söguþræði.“

Grindavík

Bergur hefur alltaf haldið tengingu við gamla heimabæinn sinn en þegar rýmingin átti sér stað bjuggu öll systkini hans og faðir í Grindavík fyrir utan Júlíus Pétur sem býr á Akranesi.



„Það er auðvitað búið að vera sýrrealískt að fylgjast með þessum ótrúlegu hlutum sem eru að eiga sér stað í Grindavík. Þegar rýmingin átti sér stað 10. nóvember var ég í símasambandi við pabba sem bjó þá í Víðihlíð. Hann skildi nú ekki hvaða læti þetta væru, það væri ekkert að í íbúðinni hans og þetta væri nú óþarfi. Hann komst sem betur fer inn á Eir, í gestaherbergi til bráðabirgða og var hæstánægður, hann þarf ekki mikið hann pabbi. Svo komst hann í íbúð í Hlíðarhúsum hjá Eir og unir sér vel þar.

Ég man eftir því sem gutti þegar við vorum að leika okkur í sprungunum og hellunum, það hefur alltaf verið vitað af þeim og ég man líka þegar sumir töluðu um að það myndi einhvern tíma gjósa í Grindavík. Það var mjög fjarri manni þá og var alla tíð þar til jarðhræringarnar byrjuðu árið 2021

við Fagradalsfjall en mig grunaði aldrei hvað væri í vændum. Að sjá bæinn rýmdan og vinir manns og fjölskyldan þurfa að koma sér fyrir á nýjum stað, mann óraði aldrei fyrir þessu. Ég tel að yfirvöld hafi spilað rétt úr spilunum hingað til, þeir hljóta að vera gera þetta eftir sinni bestu vitund og upplýsingum sem þeir eru með. Hvernig framtíðin verður er erfitt að segja til um, þetta ástand gæti varað í tugi ára þess vegna, síðasta svona skeið var víst í einhver 40 ár. Nú er búið að byggja varnargarða í kringum bæinn og vonandi mun bara gjósa fyrir utan þá og þar með ætti bærinn að vera öruggur en hvort fólk vilji flytja aftur heim er annað mál, ég er ekki viss um að ég myndi vilja það en ef það er til fólk sem er tilbúið að lifa með þessu ástandi þá er það auðvitað frábært, einhver þarf jú að hafa ljósinn kveikt,“ sagði Bergur að lokum.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna forsetakosninga 1. júní 2024

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakosninga er hafin á skrifstofu sýslumannsins á Suðurnesjum að Vatnsnesvegi 33, Reykjanesbæ.

Unnt er að greiða atkvæði alla virka daga frá klukkan 08:30 til 19:00 og á laugardögum frá klukkan 10:00 til 14:00.

Á kjördag, 1. júní, verður opið fyrir kosningu hjá sýslumanni frá klukkan 10:00 til 14:00, en einungis fyrir þá sem eiga lögheimili utan umdæmisins og verða viðkomandi sjálfir að koma atkvæði sínu til skila.

Einnig má kjósa utan kjörfundar á sveitarstjórnarskrifstofunum í Vogum og í Garði, á afgreiðslutíma skrifstofanna, sjá nánar á heimasíðum sveitarfélaganna.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar á sjúkrahúsum og hjúkrunar- og dvalarheimilum aldraðra í umdæminu fer fram dagana 27. til 29. maí nk. skv. neðangreindu:

- Dvalarheimili aldraðra – Nesvöllum, þann 27. maí, frá klukkan 13:00 til 15:00 að Njarðarvöllum 2, 260 Reykjanesbæ.
- Dvalarheimili aldraðra – Hlévangi, þann 28. maí, frá klukkan 13:00 til 15:00 að Faxabraut 13, 230 Reykjanesbæ.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þann 29. maí, frá klukkan 13:00 til 15:00 að Skólavegi 6, 230 Reykjanesbæ.

Hafi sjúklingi á HSS verið ómögulegt að greiða atkvæði á ofangreindum tíma, gefst honum kostur á að greiða atkvæði á stofnuninni á kjördag, 1. júní, frá klukkan 14:00 til 14:30.

Kjósandi, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, getur óskað þess að greiða atkvæði í heimahúsi. Umsókn studd vottorði þarf að hafa borist sýslumanni eigi síðar en kl. 10:00 þann 30. maí.

Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum (ökuskírteini, vegabréfi eða nafnskírteini).

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum
17. apríl 2024
Ásdís Ármannsdóttir



**NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS**

SUÐURNESJA
VF **magasín**

Hjúkrunarfræðingar á heilsugæslu

Viltu slást í hópinn og taka þátt í spennandi uppbyggingu?



HSS

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) veitir íbúum Suðurnesja fyrsta- og annars stigs heilbrigðisþjónustu. Á HSS eru þrjú svið; heilsugæslusvið, sjúkrasvið og hjúkrunarsvið. Fram undan er viðtæk uppbygging á stofnuninni, endurskoðun á þjónustuferlum sem og stefnu stofnunarinnar byggðri á Heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til starfa og vera í hópi fagaðila og styrkja öflugra teymisvinnu sem bætir þjónustu við skjólstaðinga heilsugæslunnar.

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum með frumkvæði, faglegan metnað og jákvætt hugarfar til að taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar. Á HSS er lögð áhersla á góða samvinnu, stuttar boðleiðir og góðan starfsanda.

Helstu verkefni og ábyrgð

Unnið er á grundvelli þverfaglegs samstarfs sérfræðinga og áhersla lögð á teymisvinnu og samþætta þjónustu. Hjúkrunarfræðingar starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um heilbrigðisstarfsmenn, síðareglum og markmiðum hjúkrunar og deildarinnar.

Hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Faglegur metnaður
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvætt og hlýtt viðmót
- Gott vald á íslensku bæði í ræðu og riti.
- Starfsreynsla er kostur

Frekari upplýsingar um starfið

Starfsstöð er í Reykjanesbæ. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sinnir þjónustu í einu fjölmennasta heilbrigðisumdæmi á landinu, um 30.000 manns.

Starfshlutfall er 80-100%

Umsóknarfrestur er til og með 03.06.2024

Nánari upplýsingar veita

Andrea Klara Hauksdóttir - andrea.k.hauksdottir@hss.is - 4220500

Alma María Rögnvaldsdóttir - alma.m.rognvaldsdottir@hss.is - 4220500

Sótt er um á www.hss.is/laus-storf

Leigja ekki hús- næði Keilis

Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt að taka ekki húsnaði Keilis að Grænásbraut 910 á leigu samkvæmt fyrirbyggjandi tilboðum. Lagt var fram minnisblað ásamt greinargerð og ástandsmati á húsnaði Keilis auk leigutilboða á síðasta fundi bæjarráðs.



Ráðist verði í breytingar á dvalartíma barna

Fræðsluráð Suðurnesjabæjar telur mikilvægt að ráðist verði í breytingar á dvalartíma barna til að koma til móts við áskoranir sem starfsfólk og börn í leikskólum glíma við. Þetta kemur í afgreiðslu ráðsins á síðasta fundi sínum.

Fræðsluráð telur fækkun starfsdaga á skólaárinu lykilþátt í að stytta dvalartíma barna og minnka álag á starfsfólk og þannig auka gæði menntunar á leikskólastiginu. Fræðsluráð mælir með að teknar verði upp bindandi skráningardagar á ellefu tilteknum dögum skólaárið 2024-2025.

Málinu var vísað til bæjarráðs til afgreiðslu.



Séð yfir svæðið þar sem lóðirnar eru í boði. VF/Hilmar Bragi

Auglýsa lóðir fyrir 58 íbúðaeiningar við Háteig

Suðurnesjabær hefur auglýst eftir umsóknum um lausar lóðir í öðrum áfanga Teiga- og klapparhverfis í Garði. Um er að ræða tólf íbúðaeiningar í þrjúgjá íbúða raðhúsum við Háteig. Tuttugu og átta íbúðaeiningar í fjögurra

íbúða raðhúsum við sömu götu. Einnig átta íbúðaeiningar í parhúsum og tíu íbúðareiningar í fjölbýlishúsi.

Umsóknir um raðhúsa- og fjölbýlishúsaloðir þurfa að vera frá lögaðilum í byggingarstarfsemi og

mannvirkjagerð. Parhúsaloðum verður úthlutað jafnt til lögaðila í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, sem og einstaklinga, ef um er að ræða sameiginlega umsókn um báðar íbúðir á lóðinni sbr. gr. 6 í reglum um úthlutun lóða.

Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu Suðurnesjabæjar en umsóknir um lóðir eiga að berast a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir næsta fund framkvæmda- og skipulagsráðs sem er áætlaður þann 28. maí nk.



Horft yfir Garðskaga í Suðurnesjabæ. VF/Hilmar Bragi

Markmið að standast fjárhagsleg viðmið

Bæjarráð Suðurnesjabæjar hefur samþykkt samhljóða eftirfarandi markmið fyrir vinnslu fjárhagsáætlunar Suðurnesjabæjar fyrir árin 2025 til 2028. Markmiðin voru sett fram í minnisblaði bæjarstjóra.

Megin markmið verði að standast fjárhagsleg viðmið um jafnvægisreglu og skuldareglu sbr 64. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Framlegð frá rekstri A og B hluta verði ekki undir 11%.

Veltufé frá rekstri verði ekki undir 600 mkr. á ári á næstu árum, til að standa undir afborgunum lána og sem mestu af fjárfestingum næstu ára.

Fjárfestingar verði sem mest fjármagnaðar með skatttekjum og söluhagnaði eigna á næstu árum, þannig að lántökum verði haldið í lágmarki.

Áhersla á ábyrgð og aðhald í fjármálum, bæði varðandi rekstur og fjárfestingar, en á sama tíma og út

frá framangreindum markmiðum verði ekki dregið úr þjónustu við íbúa, heldur verði langtíamarkmið að bjóða íbúum upp á sem mesta og besta þjónustu á öllum þeim sviðum sem sveitarfélaginu ber að gera.

Þá segir að gjaldskrá þjónustugjalda haldist í takti við þróun verðlags.

LÓÐIR TIL ÚTHLUTUNAR Í SUÐURNESJABÆ

Suðurnesjabær auglýsir eftir umsóknum um lausar lóðir í öðrum áfanga Teiga- og klapparhverfis í Garði

Um er að ræða lóðir við Háteig:

- 40 íbúðaeiningar í raðhúsum
- 8 íbúðaeiningar í parhúsum
- 10 íbúðareiningar í fjölbýlishúsi

Umsóknir um raðhúsa- og fjölbýlishúsaloðir þurfa að vera frá lögaðilum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Parhúsaloðum verður úthlutað jafnt til lögaðila í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, sem og einstaklinga, ef um er að ræða sameiginlega umsókn um báðar íbúðir á lóðinni sbr. gr. 6 í reglum um úthlutun lóða.

Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu Suðurnesjabæjar www.sudurnesjabaer.is. Vakin er athygli á að skv. gr. 3a í reglum um úthlutun lóða þurfa umsóknir um lóðir að berast a.m.k. 2 sólarhringum fyrir næsta fund framkvæmda- og skipulagsráðs sem er áætlaður þann 28. maí nk.

Jón Ben Einarsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurnesjabæjar



SUÐURNESJABÆR



Duus safnahús og Gamla búð í Reykjanesbæ. VF/Hilmar Bragi

Loka á mánudögum til að lengja opnunartíma

Opnunartíma í Duus safnahúsum í Reykjanesbæ hefur verið breytt á þann veg að framvegis verður lokað á mánudögum en opið aðra daga frá kl. 12 til 17 eins og áður. Breytingin er liður í því að geta boðið upp á lengri opnunartíma yfir sumarmánuðina og verður opið frá kl. 10 á morgnana í júní, júlí og ágúst. Breytingin hefur auk þess í för með sér að aðgengi skólahópa að húsunum eykst en næsta vetur geta þeir komið í hús frá kl. 08:30 á morgnana.

Enska heitið verði
Duus Museum Hub

Fulltrúar stofnana í Duus safnahúsum leggja til breytingu á ensku heiti Duus safnahúsa úr Duus Museum í Duus Museum Hub. Ástæðan er sú að fyrrnefnda heitið hefur valdið misskilningi hjá erlendum gestum sem telja að um sjálfstætt safn sé að ræða en ekki sýningarhús fyrir söfn bæjarins. Nýja heitið gefur til kynna að þar sé miðstöð safna í Reykjanesbæ. Menningar- og þjónusturáð styður þessa breytingu á ensku heiti hússins.

Grindvíkingar ekki ánægðir með Þórkötlum

Fasteignafélagið Þórkötla hefur verið mikið á milli tannanna á Grindvíkingum síðan félagið var stofnað af íslenska ríkinu, til að kaupa fasteignir þeirra Grindvíkinga sem þurfa að koma undir sig fótunum á nýjum stað utan Grindavíkur. Elísa Haukdal er ein óánæggra Grindvíkinga og hún segir farir sínar ekki sléttar gagnvart Þórkötlum.

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



„Í síðustu frétt frá fasteignafélaginu Þórkötlum kemur fram að umsóknir um uppkaup á húsnæði í Grindavík séu um 766 og að meirihlutinn sé búinn að fá samþykkt en samþykkt er ekki það sama og fólk heldur!

Við fengum þetta plagg um að það sé búið að samþykkja að kaupa okkar hús en svo heyrst ekki neitt

meira. Við sóttum um þann 8. mars, um hádegi. 8. mars var fyrsti dagurinn sem hægt var að sækja um. Við flýttum okkur að senda inn umsókn til þess að lenda ekki aftast í röðinni þar sem okkur liggur á að klára þetta. Þeir sögðust ætla að vinna þetta eftir dagsetningum á umsóknunum. Í dag er 13. maí og við bíðum enn!

Við erum búin að senda mörg email en eina svarið sem ég fékk var staðlað svar sem var sent á fullt af fólki og hafði engar upplýsingar. Þetta email fékk ég eftir að ég sagði



við þá að ég færi í fjölmiðla ef ég fengi ekki svar. Þeir ljúga stanslaust og vinna þetta eins illa og hægt er.

Leigusamningurinn okkar rennur út núna 1. júní og ég sé fram á að þurfa að flytja með fjölskylduna mína í fimmtán fermetra kofa úti í sveit ef þetta klárast ekki núna. Við eigum sem sagt lítinn kofa úti í sveit sem hefur hvorki rennandi vatn né klósett. Við flúðum þangað þann 10. nóvember þegar allt fór til fjandans og við vorum þar í skítakulda í fimm daga. Rétt er að taka það fram að við erum fimm í fjölskyldu og heimilishundurinn tekur jafn mikið pláss og fullorðinn einstaklingur, þar sem hún er mjög stór eða um 70 kíló.

Þetta er algjörlega óboðlegt og við erum gjörsamlega búin á því andlega, jú og líkamlega líka eftir endalausum flutninga. Foreldrar mínir missa leiguíbúðina sína líka 1. júní og þau sjá fyrir sér að þurfa að búa í bílnum. Þau eru komin á efri ár og geta þetta ekki. Pabbi minn er mikill sjúklingur og heilsunni hans hrakar stöðugt.

Þau sóttu um sín uppkaup 9. mars og hafa ekkert heyrt heldur. Fullt af fólki sem sótti um í lok mars er búið að ganga frá sölu sinni og fengið greitt líka.

Við krefjumst þess að okkar mál klárast strax í dag, við erum bugð og brotin og getum ekki meira,“ sagði Elísa að lokum.



Þetta er algjörlega óboðlegt og við erum gjörsamlega búin á því andlega, jú og líkamlega líka eftir endalausum flutninga. Foreldrar mínir missa leiguíbúðina sína líka 1. júní og þau sjá fyrir sér að þurfa að búa í bílnum. Þau eru komin á efri ár og geta þetta ekki.

Kynntu frekari stuðningsaðgerðir fyrir Grindavík

Ríkisstjórnin kynnti á dögnum tillögur um frekari stuðning við heimili og fyrirtæki í Grindavík. Tillögurnar felast í stuðningslánum með ríkisábyrgð til grindvískra fyrirtækja, viðspyrnustyrkjum, framhaldi launastuðnings og hráefnis- og afurðatryggingum. Þá verður sérstakur húsnæðisstuðningur við Grindvíkinga framlengdur til áramóta. Þetta kemur fram á vef stjórnarráðsins.

Stuðningslán með ríkisábyrgð

Rekstraráðilum með starfsstöð í Grindavík verður gert kleift að taka lán hjá lánastofnunum með ábyrgð ríkisins að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Markmiðið er að hjálpa rekstrarhæfum fyrirtækjum í Grindavík að viðhalda starfsemi á óvissutímum.

Lán af þessu tagi eiga sér forðæmi í stuðningsaðgerðum til fyrirtækja í COVID-19 faraldrinum. Gert er ráð fyrir að fyrirtæki með starfsstöð í Grindavík eigi kost á láni og að fasteign sé ekki skilyrði.

Frumvarp um stuðningslán verður unnið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Stefnt er að því að lánveitingar hefjist í haust.

Stefnt er að því að lánveitingar hefjist í haust.

Viðspyrnustyrkir

Tímabundinn rekstrarstuðningur til fyrirtækja sem voru með rekstur í Grindavík í nóvember 2023 verður framlengdur og gildi til loka ársins. Að óbreyttu hefði úrræðið runnið út í lok júní. Stuðningnum er ætlað að gera fyrirtækjum kleift að laga starfsemi sína að breyttum aðstæðum og hefja starfsemi í Grindavík að nýju þegar aðstæður leyfa.

Gert er ráð fyrir að frumvarp um framlengingu viðspyrnustyrkja verði lagt fram á Alþingi í júní.

Framlenging launastuðnings

Stuðningur til greiðslu launa verður framlengdur til 31. ágúst nk. en úrræðið átti að renna út í lok júní. Með því að framlengja gildistímamann um tvo mánuði gefst atvinnurekendum og launþegum frekara svigrúm þar sem búist er við að stuðningslán verði ekki afgreidd fyrr en í haust. Um 1.700 manns hafa fengið greitt úr úrræðinu, en mikill meirihluti þeirra starfar á almennum vinnumarkaði.

Gert er ráð fyrir að frumvarp um framlengingu launastuðnings verði lagt fram á Alþingi í júní.

Afurðasjóður Grindavíkur verður til

Í matvælaráðuneytinu er unnið að gerð frumvarps með það að markmiði að koma á fót úrræði til að tryggja hráefni og afurðir fyrirtækja í Grindavík fyrir tjóni vegna

náttúruvá. Málið er unnið í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Náttúruhamfaratryggingu Íslands.

Gert er ráð fyrir að frumvarp um tryggingu afurða í Grindavík verði lagt fram á Alþingi í júní.

Framlenging sértæks húsnæðisstuðnings

Sértækur húsnæðisstuðningur fyrir Grindvíkinga verður framlengdur til áramóta. Úrræðinu var komið á fót með samþykkt Alþingis í desember sl. en markmiðið er að lækka húsnæðiskostnað Grindvíkinga sem þurfa að leigja húsnæði utan bæjarins. Að óbreyttu hefði stuðningurinn runnið út í lok ágúst.

Gert er ráð fyrir að frumvarp um framlengingu sértæks húsnæðisstuðnings verði lagt fram á Alþingi í júní.

Tillögurnar sem snúa að fyrirtækjum byggja á vinnu starfshóps um atvinnulíf í Grindavík sem forsætisráðherra skipaði í febrúar sl. Þar áttu sæti fulltrúar fjögurra ráðuneyta en hópurinn fundaði með fulltrúum fyrirtækja í Grindavík og átti náð samstarf við atvinnuteymi Grindavíkurbæjar.

Starfshópurinn fékk Deloitte til að vinna skýrslu þar sem innviðir í Grindavík voru kortlagðir og dregnar upp mismunandi sviðsmyndir um uppbyggingu atvinnulífs í bænum. Í skýrslunni er einnig að finna hagfræðilega greinargerð sem tekur bæði á hlutlægum og huglægum þjóðhagslegum kostnaði hagkerfisins við misjafnar sviðsmyndir.

Gera má ráð fyrir að kostnaður ríkisins af þeim aðgerðum sem þegar hefur verið ráðist í og eru áforaður sé á bilinu 70-80 milljarðar króna.



Duglegur námsmaður sem ætlar að verða jarðfræðingur

Arnar Elvarsson er sautján ára og kemur úr Garðinum. Arnar er á raunvísindabraut í FS og hefur áhuga á fótbolta og skák. Framtíðarplön Arnars er verða jarðfræðingur.

Á hvaða braut ertu? Raunvísindabraut.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Sem aldrei fyrr með Bubba.

Hver er helsti kosturinn við FS? Frábær skóli.

Hver er þinn helsti kostur? Duglegur námsmaður.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Thor í fótbolta.

Hver er þinn helsti galli? Frekar feiminn.

Skemmtileg saga úr FS? Þegar ég labbaði á Hlyn, hann var brjáláður.

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum? Snappið.

Hver er fyndnastur/fyndust í skólanum? Manni.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Hreinskilni og heiðarleiki.

Hver eru helstu áhugamálin þín? Fótbolta og skák.

Hver er stefnan fyrir framtíðina? Jarðfræðingur.

Hvað hræðistu mest? Lofthráddur, býflugur og geitunga.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það? Snillingur.



Fékk heilahristing þegar vinkonan felldi hana

Katrín Alda Ingadóttir er fimmtán ára nemandi í Stapaskóla. Hún stefnir á nám í FS og ætlar að halda áfram að þjálfra fótbolta hjá Njarðvík. Katrín Alda er ungmenni vikunnar.

Hvert er skemmtilegasta fagið? Íslenska og stærðfræði.

Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna? Einn vin, síma og vatn.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Tristan og Kári, þeir eru mjög góðir á motocross.

Hver er þinn helsti kostur? Ákveðin.

Skemmtilegasta saga úr skólanum: Þegar ég fékk heilahristing því besta vinkona mín felldi mig í íþróttum og ég flaug á glugga.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Geta flogið.

Hver er fyndnastur í skólanum? Bestu vinkonur mínar, Viktoría og Bryndís.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Jákvæðni og kurteisi.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Fyrir hana með besta Frikka Dár.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla? Fara á félagsvísindabraut í FS og halda áfram að þjálfra fótbolta í Njarðvík.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Pasta.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tólmstundir (hvaða)? Ég spila fótbolta með RKNV og Njarðvík.

Hver er uppáhaldsbímyndin þín? Waterboy og eiginlega allar Adam Sandler myndirnar.

Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það? Ákveðin.

Sveinbjörn Þórisson – minning

Bjössi gat setið í fjölmenni og skarkala en var samt eins og einn í heiminum. Sat jafnvel í miðjum kliðnum og horfði út undan sér með starandi augu og örlítið glott sem sýndi tilbrigði við bros. Hann var fámáll. Lagði sjaldan orð í belg nema hann hefði eitthvað að segja. Ef hann var á öndverðum meiði tókst hann á fyrir allan peninginn. Nokkrir bjórar gátu hjálpað til við að opna heita æð fulla af sannfæringarkrafti hans, því langt í frá var Bjössi skoðanalaus maður.

En það stafaði frá honum hlýja þar sem mjúk kurteis röddin sló taktinn. Bjössi vildi hafa hlutina í kringum sig samkvæmt sínu höfði og bjó yfir þeim hæfileika að stjórnaði með þögninni. Hann var snyrtipinni, smáhlutasafnari sem vildi hafa mikið af fallegum hlutum í kringum sig. Hvort sem hann var kúreki eða indíáni þá hreyfist hann af hlutum sem túlkuðu sögu þeirra og menningu.

Hann átti fallega bíla og hús sem hann dittaði að, lóðin hjá Bjössa var fágæti fyrir smekkvísi og snyrtimennsku. Hann hafði sinn eigin Lyngásstíl. Þar úði og grúði saman fjölmennung glisgjarns safnara. Hann var sjálfur gangandi listaverk af holdi og blóði, einstakt listaverk sem var öðruvísi en aðrir.

Bjössi bar fjölmörg tattú af ýmsum toga og uppruna. Þau voru túlkun og ásynð á þá manngerð sem hann var. Hans leið til að sýna ást og þakklæti til annarra. Hann var gjarnan í bol, rifnum gallabuxum beltislaus og með buxurnar á hælunum. Um hálsinn hékk gerðarlegt hálsmen, eyrnalokkur í eyranu og armbönd af ýmsum uppruna og toga um úlnliðinn. Bjössi var auðvitað algjör töffari, hann litaði á sér hárið og var hljóðlátur einfari með mjóan og ílangan hökutopp sem var hans helsta einkenni, þó af mörgu öðru væri að taka. Ef minn stíll er gamaldags og kassalaga, var stíll Bjössa í þeim samanburði glundroðakenndur.

Bjössi er einn af bormönnum Íslands, föðurbetrungr Þóris í Lyngási sem var talinn einn af færustu bormönnum og áhrifavaldur í þeirra hópi. Bjössi var komin til æðstu metorða fyrir þekkingu og reynslu við jarðboranir. Hann var jafnan fyrsti maður sem kallaður var til þegar nýir borar voru keyptir. Hann planaði borsvæði, var til ráðuneytis og lagði á ráðin með það sem þurfti svo kostnaðarsöm verkefni um allan heim skiluðu árangri. Bjössi var fullur af fróðleik og hjálpsamur á vinnustað og bjó yfir yfirburðarþekkingu og skilning á starfsemi.



Sérfræðingur sem kallaður var til þegar snúa þurfti við holum eins og sagt er á tæknimáli bormanna. Hann var bormaður af lífi og sál og nú tekur Þórir sonur hans við keflinu og þriðja kynslóðin frá Lyngási heldur uppi merki bormanna landsins.

En Bjössi var líka faðir og afi sem lífið hafði ekki alltaf leikið við. Hann var um þritugur ekkjumaður þegar Anna dó frá honum og þremur börnum þeirra þegar lífið virtist brosa við ungru fjölskyldu. Þá gekk Mæja börnum hans í móður stað, en bæði hún og Ragnar sonur hennar sem Bjössi fóstaraði eru látin. Sorgin markar menn og af henni fékk Bjössi nóg í sínu lífi. Ég votta Hildi, börnum Bjössa og fjölskyldum þeirra mína hjartans samúð.

Ásmundur Friðriksson

Blómamarkaður Lionsklúbbsins Æsu við Ytri-Njarðvíkurkirkju

Blómamarkaður Lionsklúbbsins Æsu verður við Ytri-Njarðvíkurkirkju dagana 28. til 30. maí frá klukkan 15:00 til 18:00. Allur ágóði af blómasölunni rennur óskiptur til líknarmála. Heitt verður á könnunni alla daga. Lionsklúbburinn Æsa hefur styrkt ýmis málefni og fært gjafir á starfsárinu.



KJÖRFUNDUR

VEGNA FORSETAKOSNINGA Í SVEITARFÉLAGINU VOGUM

1. JÚNÍ 2024

KJÖRFUNDUR HEFST KL. 10:00 OG LÝKUR KL. 22:00
KOSIÐ VERÐUR Í STÓRU-VOGASKÓLA, GENGIÐ INN FRÁ LEIKVELLI

Kjörskrá í Sveitarfélaginu Vogum vegna forsetakosninga liggur frammi almenningi til sýnis á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Voga fram að kjördegi.

Fram að kjördegi er hægt að kjósa utan kjörfundar á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma.

Sérstök athygli er vakin á að kjósandi sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki getur átt von á að fá ekki að greiða atkvæði.

Að gefnu tilefni er Grindvíkingum með aðsetur í Vogum bent á að kjörstaður Grindvíkinga er í Reykjanesbæ.

Kjörstjórn Sveitarfélagsins Voga



SUMARTILBOÐ

10% afsláttur af öllum garðhúsum og flest öllum gestahúsum sem eru til á lager

VH/24-01



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

MasterCard
Staðgreiðsla
lán

VISA Lán
- HAGSTADAR AFORGANIR



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

KYNNINGAR-TILBOÐ

á frábærum gróðurhúsum

Viðar gróðurhúsin eru úr náttúrulegum hitameðhöndluðum viði og henta vel fyrir íslenskar aðstæður.

VH/24-02



GRÓÐURHÚS NO-1 10,65 m²

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GRÓÐURHÚSIN henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GRÓÐURHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

MasterCard
Staðgreiðsla
lán

VISA Lán
- HAGSTADAR AFORGANIR



GRÓÐURHÚS NO-9 14,85 m²



GRÓÐURHÚS LT-3 10,6 m²



GRÓÐURHÚS NO-2 12,75 m²



GRÓÐURHÚS ST-1 7,0 m²

www.volundarhus.is

Katrín sem sameiningartákn

Í störfum mínum sem formaður Verkalýðsfélags Grindavíkur hafa leiðir mínar og Katrínar Jakobsdóttur legið nokkrum sinnum saman.

Katrín hefur lagt sig fram við að vera í sambandi við verkalýðshreyfinguna í kringum kjarasamninga og hef ég fundið að aðkoma hennar hefur oft skipt miklu máli til að afstýra átökum á vinnumarkaði.

Þegar ósköpin dundu yfir Grindvíkinga setti ég mig strax í samband við Katrín, hún tók strax á móti mér og hefur fundað ítrekað og haldið góðu sambandi í gegnum þær hremmingar sem við Grindvíkingar höfum lent í.

Ég finn kannski best eftir að Katrín steig til hliðar sem forsetisráðherra að tengsl við ríkisstjórnina hafa verið miklu minni og hvernig talsamband við okkur venjulega fólkið í raun rofnaði.



Ég þakka henni mikið og vel fyrir sinn þátt í málum okkar Grindvíkinga.

Það er mín bjargfasta trú á að Katrín verði sameiningartákn okkar og ég hef þá trú eftir að hafa unnið með henni í þeim málum

sem hér eru talin fyrir ofan. Hún hefur hlustað í þeim málum sem þarf að hlusta og tekið ákvarðanir þar sem þarf að taka ákvarðanir. Fyrir mig skiptir miklu máli að forseti landsins og sameiningartákn þjóðarinnar hlusti á þjóðina sína og geti tekið erfiðar ákvarðanir þegar það þarf. Því við vitum að forseti Íslands er öryggisventill fyrir þjóðina og ég treysti Katrínu til að vera öryggisventill fyrir okkur. Katrín hefur ávallt rætt við mig á hreinskiptinn hátt sem jafningja og verið heiðarleg í öllum okkar samskiptum - það kann ég að meta.

Ég kys Katrínu, vegna góðra kynna og hvet ykkur hin að gera það sama í komandi forsetakosningum.

Hördur Guðbrandsson,
formaður Verkalýðsfélags
Grindavíkur

Sómi Íslands



Forsetakosningarnar snúast ekki um pólitík, ekki um stjórn-málefokka, heldur um „Forseta Íslands“ mikilvægasta embætti lýðveldisins. Forseti Íslands tók við hlutverki danska konungsins í stjórnskipun Íslands fyrir átta áratugum, eftir hundrað ára sjálfstæðisbaráttu. Fólkið velur forsetann. Forsetaembættið skiptir máli. Það er ekkert grín að fíflast með, hvorki lopapeysa né lamb að leika við, harmónikkuspil eða hagsmunaplott. Við mátum frambjóðendum við hlutverkið og treystum á lýðræðið.

Samtal forsetans við þjóðina á alltaf við, bæði í gamni og alvöru, þegar vel gengur, og illa. En fyrst reynir á forsetann þegar á móti blæs. Við munum eftir Covid, hruninu, erum meðvituð um náttúruvá, hamfarir og mögulegar stjórnarkreppur. Við slíkar aðstæður þarf forsetinn að hafa bein í nefinu, ef þannig má segja um forsetann.

Stundum er sagt að forseti Íslands sé sameiningartákn okkar Íslendinga. Það er rétt. En er hann það sameiningarafl, sem við þurfum svo oft á að halda? Þekkir hann stjórnskipun Íslands? Er hann vel heima í pólitíkinni? Þekkir hann fólkið í landinu, þarfir þess og aðstæður? Er hann vel tengdur við leiðtoga annarra landa? Vinaþjóðirnar? Nýtur hann virðingar erlendis og hérlendis. Getum við treyst forsetanum? Er hann sameiningarafl?

Katrín Jakobsdóttir býr yfir ómetanlegri reynslu úr íslenskum stjórnárum. Það mun koma að góðu gagni, nái hún kjöri, t.d. við erfiðar stjórnarmyndanir og kreppur þó svo embættið sé ekki flokkspólitískt - ekki gleyma því. Nú er það Katrín sjálf sem er í framboði, ekki stjórnáraflokkur í kosningaham. Það er annað mál.

Við vitum að Katrín er gædd þeim hæfileika að geta hlustað á fólk, sætt ólík sjónarmið. Það höfum við séð. Oft. Hún tekur af

skarið þegar mikið liggur við. Hún er skynsöm og afburða greind. Hún mun gæta yftrustu hagsmuna lands og þjóðar, innan lands sem utan, og verða verðugur fulltrúi Íslands á erlendum vettvangi, nái hún kjöri. Hún nýtur virðingar. Henni er treyst. Það höfum við séð. Oft. Hún mun standa vörð um það sem okkur er mikilvægt; sögu, menninguna og íslenska tungu - þar er hún sterk, með djúpar rætur í þeirri fortíð sem gerir okkur að Íslendingum, - að ég tali nú ekki um það besta sem íslenska þjóðin stendur fyrir: lýðræði, jafnrétti og mannúð. Þar er hún fremst í flokki. Það höfum við líka séð. Oft.

Ung kona spurði: „Hvað höfum við átt marga leiðtoga sem halla aldrei orði um aðra, hefja sig aldrei upp á kostnað annarra, hreykja sér aldrei af eigin afrekum, eru aldrei meidandi í orðavali og alltaf yfirvegaðir?“ Þannig leiðtogi er Katrín Jakobsdóttir. „Hún talar ekki eftir tilbúnu handriti heldur frá hjartanu og með hjartanu og þannig leiðtoga vil ég sjá á Bessastöðum,“ sagði þessi unga kona og ég tek heilshugar undir. Já, ég mun kjósa Katrínu, færni hennar og einlægni. Hún yrði án efa glæsilegur forseti, „sómi Íslands, sverð þess og skjöldur,“ eins og eitt sinn var sagt um sjálfstæðishetjuna Jón Sigurðsson. Fylkjum liði um Katrínu Jakobsdóttur þann 1. júní í vor.

Skúli Thoroddsen

Blikksmiður óskast til starfa

Óskum eftir einstaklingum með fagmenntun eða starfsreynslu í blikksmiði.

Lögð er áhersla á að ráða áhugasamt fólk sem axlar ábyrgð og sýnir frumkvæði í starfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- ✓ Almenn blikksmiði
- ✓ Uppsetning loftræstikerfa
- ✓ Önnur tilfallandi verkefni
- ✓ Menntunar- og hæfniskröfur
- ✓ Reynsla í blikksmiði eða öðru sambærilegu
- ✓ Sveinsbréf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- ✓ Hæfni í mannlegum samskiptum og færni til að vinna vel í teymi

Það sem er okkur ofarlega í huga er:

Reglusemi, stundvísi, metnaður og jákvæðni á vinnustað
Með umsókn skal fylgja ferilsskrá.
Óskað er eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar: blikk@bls.is

BLIKKSMIÐJA
SUÐURNESJA

Forsetakosningar

laugardaginn 1. júní 2024

Kjörskrá í Reykjanesbæ, vegna forsetakosninga sem fram fara þann 1. júní 2024, liggur frammi á bæjarskrifstofum Reykjanesbæjar frá 13. maí fram að kjördegi. Kjósendur eru hvattir til að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskrá. Athugasemdum við kjörskrá skal beint til Þjóðskrár Íslands.

Kosið er í Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Sérstök athygli er vakin á því að kjósandi sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki getur átt von á að fá ekki að greiða atkvæði.

Kjörstaður opnar kl. 09:00 og lokar kl. 22:00

Á kjördag mun yfirkjörstjórn hafa aðsetur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í stofu 221, sími 420 4515.

Yfirkjörstjórn Reykjanesbæjar



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTLIKEANS



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

BORGHILDUR KRISTRÚN BJÖRNSDÓTTIR,
Faxabraut 18, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 3. maí.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 27. maí klukkan 13.

Unnur Brynja Eiríksdóttir

Jonni

Berglind Eiríksdóttir Arnar Þór Reynisson

Anton Pétur Hallgrímsson

Krístur Vala Hallgrímsson

Patrekur Hrafn Hallgrímsson

Sara (Jogo) Jónsdóttir

og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langlangafa,

BJARNA ÞÓRS EINARSSONAR,
Pósthússtræti 3, Keflavík,

Sérstakar þakkir til starfsfólks D-deildar HSS fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Mekín Bjarnadóttir Magnús Bergmann Matthíasson
Einar Bjarnason Linda Sveinbjörnsdóttir
Erlingur Bjarnason Ásta Ben Sigurðardóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.





Sami Kamel hefur leikið vel með Keflavík og hefur sýnt afburðarleikmaður í Lengjudeild karla. Hér fagnar seinna marki sínu í sigri á Aftureldingu. VF/JPK

VF ÍÞRÓTTIR

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Úrslitarimmurnar í körfuknattleik og fótboltinn farinn að rúlla

Suðurnesjaliðin í stóru boltaíþróttageininum eru á fullu þessa dagana, úrslitarimmurnar í körfubolta og svo er fótboltinn byrjaður að rúlla á fullu.

Í körfunni eiga öll stóru liðin sinn fulltrúa, kvennamegin eru það grannarnir úr Reykjanesbæ og Grindavík heldur uppi heiðri karlaliðanna en þeir eru í harðri rimmu við Valsmenn.

Keflavík er búð að vinna fyrstu tvo leikina og fór þriðji leikurinn fram á þeirra heimavelli á miðvikudagskvöld, í þann mund sem Víkurfréttir fóru í prentun. Báðir sigrar Keflavíkur hafa verið tiltölulega öruggir en flestir áttu von á jafri rimmu, ekki síst þar sem einn lykilleimanna Keflavíkur, Birna Valgerður Benónýsdóttir, sleit krossbönd í undanúrslitarimmunni við Stjörnuna. Njarðvíkingar voru ekki nógu ánægðir með stuðninginn í heimaleiknum sínum á laugardagskvöldið en stuðningsmenn Keflavíkur áttu Ljónagryfjuna það kvöldið. Verður fróðlegt að sjá hvort ljónin hafi vaknað í þriðja leiknum og hafi komið rimmunni aftur í Ljónagryfjuna, sá leikur er á laugardagskvöld ef til hans kemur.

Karlamegin vann Grindavík einn sinn sætasta sigur í langan tíma. Þeir töpuðu fyrsta leiknum við Val og það þarf ekki sérfræðing til að sjá að lenda 0-2 undir er brekka, engum hefur tekist að koma til baka í lokaúrslitum efstu deilda með þannig stöðu. Grindvíkingar voru undir u.þ.b. 95% tímans og það gerir sigurinn þeim mun sætari. Deandre Kane sýndi heldur betur úr hverju hann er gerður,



Deandre Kane.
Mynd/Ingibergur Þór



Lykileikmenn beggja liða, Selena Lott hjá Njarvík og Sara Rún Hinriksdóttir hjá Keflavík. VF/JPK

hann skoraði 35 stig, tók tólf fráköst og nýtti 73% skota sinna, níu sinnum var brotið á honum! Fáheyrðar tölur og ljóst að kóngurinn þarf að halda þessum dampi ef Grindavík ætlar sér alla leið. Þriðji leikurinn er að Hlíðarenda á morgun, fimmtudag, og fjórði leikurinn í Smáranum á sunnudagskvöld.

Í fótboltnum er einungis einn fulltrúi af Suðurnesjunum í efstu deild en Keflavík leikur í Bestu deild kvenna. Þær hafa hins vegar átt við ramman reip að draga og eru stigalausar í neðsta sæti. Í síðasta leik steinlágu þær á Akureyri fyrir Þór/KA, 4-0. Næsti leikur er á móti Þrótti á heimavelli, laugardaginn 25. maí kl. 14:00.

Gengið í bikarnum hefur verið betra, þær eru komnar í átta liða úrslit eftir að hafa unnið Gróttu í sextán liða úrslitum 1-3. Þær mæta Breiðablik í átta liða úrslitum.

Þrjú lið eru í Lengjudeildinni [næstefsta deild karla] og hefur gengi liðanna verið misjafnt. Njarðvíkingar hafa komið skemmtilega á óvart, eru með fullt hús stiga eftir þrjár umferðir og mæta ÍBV í næsta leik á heimavelli laugardaginn 25. maí kl. 16:00. Í síðasta leik unnu þeir Þrótt Reykjavík á útivelli, 0-1. Gengið í bikarnum verið daprara, þeir féllu úr leik í annarri umferð gegn Gróttu, 3-2.

Keflvíkingar komust loksins á sigurbraut eftir tvö töp og unnu Aftureldingu örugglega á heimavelli, 3-0. Næsti leikur í deildinni á móti Þór á Akureyri laugardaginn 25. maí kl. 12:00.

Gengi þeirra í bikarnum hefur hins vegar verið frábært, þeir slógu Skagamenn út í 16-liða úrslitum og mæta Valsmönnum í næstu umferð.

Gengi Grindavíkurliðanna hefur verið upp og ofan. Karlaliðið hefur ekki fengið þá byrjun sem vænst var, tvö jafntefli og tap í fyrstu þremur leikjunum og sitja í tíunda sæti. Næsti leikur verður á móti Aftureldingu á útivelli laugardaginn 25. maí kl. 13:00. Grindavík mætti Íslands- og bikarmeisturum Víkinga í sextán liða úrslitum bikarsins og töpuðu 1-4 en þau úrslit gáfu ekki rétta mynd af leiknum. Grindvíkingar minnkuðu muninn í 1-2 og fengu betri færi en Víkingar sem settu síðustu tvö mörkin á lokamínútunum.

Kvennalið Grindavíkur hefur unnið einn leik og tapað einum í deildinni en gengið í bikarnum hefur verið betra, þær eru komnar í átta liða úrslit eftir að hafa slegið



Keflavík hefur gengið illa í Bestu deild kvenna en eru komnar í átta liða úrslit Mjökkubikarsins. VF/JPK

Skagakonur út í 16-liða úrslitunum og mæta Valskonum næst. Næsti leikur í deildinni hjá Grindavík er gegn Aftureldingu á heimavelli, fimmtudagskvöldið 23. maí kl. 19:15.

Reynir Sandgerði og Þróttur Vogum eru fulltrúar Suðurnesja í aðra deild karla. Gengið hefur ekki verið sem skyldi, Þróttur í ellefta sæti með eitt stig eftir þrjú leiki og Reynir með þrjú stig eftir þrjú leiki. Þróttur á heimaleik fimmtudagskvöldið 23. maí kl. 19:15 og mætir KFG en Reynir mætir KFA á útivelli laugardaginn 25. maí kl. 14:00.

Víðir í Garði er um miðja þriðju deildina með fjögur stig eftir þrjú leiki. Víðismenn mæta Vængjum Júpítars föstudagskvöldið 24. maí kl. 19:15.

Suðurnesin eiga einn fulltrúa í fjórðu deild, lið RB vermir botninn stigalaust eftir tvo leiki. Næsti leikur RB er gegn Kriúnni.

Hafnir eru í öðru sæti í A-riðils fimmtu deildar eftir fyrstu umferð en Hafnamenn unnu stórsigur á Spygni, 7-0. Næsti leikur þeirra er gegn Létti á útivelli fimmtudagskvöldið 23. maí kl. 20:00.



Njarðvíkingar hafa komið skemmtilega á óvart í Lengjudeild karla og sitja einir á toppi deildarinnar með fullt hús stiga. VF/JPK



Kona sem nennti ekki að hlaupa

Nýtt æði í uppsiglingu

Fimm Íslendingar hafa unnið sér inn rétt til þátttöku á heimsmeistararnóttunni í Hyrox og af þeim koma fjórir af Suðurnesjum. „Við vorum þrjár sem kepptum á heimsmeistararnóttunni í fyrra og við erum fjórar núna,“ segir Kristjana sem heyrði fyrst af Hyrox þegar Covid-faraldurinn reiddi yfir og allt keppnishald fór úr skorðum. „CrossFit er búið að vera mikið æði hér á Íslandi og Hyrox virðist ætla að verða næsta æði í þrekmótaheiminum. Þetta er ný bylgja sem er að fara af stað. Ég sé þetta vera að gerast en við höfum verið að æfa fyrir Hyrox í rúm þrjú ár og höfum keppt í tvö ár en núna er fólk allt í einu að uppgötva þetta.“

Kristjana segir að fjölmargir séu við það að stökkva á vagninn, sér í lagi vegna þess að aðgengi að keppnum er tiltölulega gott en keppt er í mörgum löndum víðs vegar um heim.

„Það sem mér finnst jákvætt við þetta sem líkamsræktaræði er að þetta snýst ekki um það hvernig þú lítur út, þetta snýst um hvað

þú getur. Það er alls konar fólk sem keppir í Hyrox, þú sérð fólk í brjálæðislega góðu formi, sem er að keppa á einhverjum heimsmeistarátímum og svo sérðu líka byrjendur sem eru að stíga sín fyrstu skref í keppni. Fólk af öllum stærðum og gerðum.“

Mótin í Hyrox eru haldin í mjög stórum sýningarhöllum, ég var t.d. að keppa í Rotterdam nýlega og þá var mótið haldið í Ahoy-höllinni sem Eurovision var haldið. Keppendafjöldi í hverju móti er mismunandi en í þeim keppnum sem ég hef tekið þátt í þá eru þetta um 3.500 til 5.500 keppendur, metið eru þó um 12.000.

Hyrox er þýsk keppni en uppsetning og skipulag keppinnar er mjög góð eins og Þjóðverja er síður. Ég hitti eiganda keppinnar þegar ég fór fyrst út og spjallaði við hann. Keppnin hefur stækkað gríðarlega mikið síðan 2022 og algengt er að uppselt sé í keppni. Ástæða þessara vinsælda tel ég vera að konseptið er gott og þú þarft ekki mikinn tækjábúnað en einnig inniheldur hún ekki tæknilega flóknar æfingar svo að hún

„**Það sem mér finnst jákvætt við þetta sem líkamsræktaræði er að þetta snýst ekki um það hvernig þú lítur út, þetta snýst um hvað þú getur ...**“

höfðar til margra. Góðir hlauparar gætu t.d. hoppað inn í keppnina og staðið sig vel, en betra væri þó að æfa líka styrktarþjálfun svo árangurinn verði enn betri.“

Hafið þið verið að leiðbeina fólki með þetta?

„Ekki beint. Í kringum mig er tíu manna vinahópur sem er með frábæran sal uppi í Sporthúsi þar sem við æfum okkur nánast á

Kristjana Gunnarsdóttir var markvörður í handbolta, henni fannst svo leiðinlegt að hlaupa, en eftir að handboltaferlinum lauk hefur hún einbeitt sér að keppni í allskyns þrekiþróttum sem innihalda meðal annars hlaup. Kristjana, eða Kiddý eins og flestir þekkja hana, tekur reglulega þátt í þrekmótum víðsvegar um heiminn með góðum árangri og hefur m.a. slegið heimsmet þrisvar sinnum í sínum aldursflokki. Núna er hún farin að einbeita sér að nýrri íþróttagrein sem nefnist Hyrox og virðist ætla að verða næsta æði í þrekmótaheiminum.

hverjum morgni sérstaklega fyrir Hyrox. Þannig að þetta er svolítið lokað eins og er, en að sjálfsgöðu er umræðan komin í gang í Sporthúsinu, en það er bara á byrjunarstigi. Sporthúsið býr yfir öllum þeim búnaði sem þarf til að æfa fyrir Hyrox.“

Hvað gerir Hyroxkeppni frábrugðinni CrossFit keppni?

„Þetta er alltaf keppni í stöðluðum greinum og inniheldur ekki tæknilega flóknar æfingar eins og oft er að finna í CrossFit. Það má líkja Hyrox-keppni við að þú farir í maraþon á milli borga, maraþon er alltaf 42,2 kílómetrar, sama hvar þú ert. Brautin er alltaf eins, sama hvar þú ert, eina sem er öðruvísi þegar þú ert í annarri borg eða öðrum sal er að uppöðunin getur verið önnur. Fimmtíu prósent af keppninni eru hlaup/ganga og fimmtíu prósent æfingar (Skierg, ýta sleða, draga sleða, burpeshopp, róður, bóndaganga, framstigsganga og wall ball). Þetta eru átta greinar, þeim er ráðað í miðju salarins og svo er eins kílómetra langur hlaupahringur í kringum svæðið. Þannig að þú hleypur hringinn og fer svo inn í svæðið til að gera æfingu. Þegar þú klárar æfinguna hleypur þú hring og fer svo inn á annað svæði og svo koll af kalli. Keppendur eru með flögu á sér og ef þeir fara inn á vitlaust svæði fá þeir þriggja mínútna refsingu. Þú kemst ekkert upp með það að svindla. Í CrossFit-keppni veist þú sjaldnast hvaða æfingar eru í hverri keppni en þar er oft reynt að koma keppendum á óvart með einhverju nýjum æfingum. Fyrir hinn venjulega líkamsræktariðkanda þá væri Hyrox-keppni í raunhæfari til að stefna að að ég tel, en auðvitað er þetta mismunandi á milli manna hvað hentar.“

VIÐTAL

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Ef þú getur gengið þú getur þú tekið þátt

Kristjana segir að fyrirkomulag Hyrox bjóði upp á að keppni höfði til fólks í mismunandi líkamsástandi. Í Hyrox sérð þú íþróttafólk af öllum stærðum og gerðum. „Ég tek sem dæmi tver konur sem tóku þátt í parakeppninni í síðasta móti sem ég var að keppa í með dóttur minni en þær voru í mikilli yfirþyngd og fóru ekki hratt yfir en þær gerðu sínar æfingar, gengu alla hringina og kláruðu keppni með bros á vör. Það var rosalega flott hjá þeim og þær fengu góða hvatningu við æfingarnar. Ég dáist af árangri þeirra en það er bjútið við þetta fyrirkomulag, það stendur engin upp úr fjöldanum á meðan á keppni stendur, sama hvort viðkomandi sé með besta tímann eða lakasta tímann.“

Upplifunin sem fólk fær af Hyrox-keppni er að vera hluti af frábærri stemmningu einstaklingur sem hefur kannski það markmið að klára mótið getur verið með þeim sem er á besta tímanum í hlaupa-brautinni á sama tíma – það sér það enginn í raun og veru hvort þú ert í síðasta sæti eða fyrsta sæti á meðan þú ert að keppa.“

Þannig að sama skapi veist þú sem keppandi ekki úrslitin fyrir en mótið er búið.

„Nei, eins og í Rotterdam þá var ég í öðrum ráshóp og var ræst út klukkan 12:20, svo var ræst út á tíu mínútna fresti og síðasti ráshópur fór af stað rétt fyrir þrjú. Það voru 582 konur sem kepptu og ég var stöðugt að uppfæra stöðuna. „Ókey, ég er ennþá í fyrsta sæti.“ Ég endaði í sjöunda sæti í opnum flokki hjá



konunum en fyrsta sæti í mínum aldursflokki.

Keppnin er ekki tæknilega flókin, helmingurinn af henni er hlaup, eða ganga, og þ.a.l. nær hún til margra og er rosalega flott áskorun. Hægt er að keppa í einstaklings-, para- og liðakeppni. Það er mjög hvetjandi að hafa markmið í að auka þrek sitt og þol. Ég vil hvetja fólk til að einblína minna á kíló og sentimetra þegar stefnt er að bættu heilsu, spurðu sjálfan þig frekar hvað getur þú gert í dag og hvað langar þig til að geta gert síðar varðandi þol, styrk og liðleika. Þegar þú nærð árangri í þessum þremur þáttum þá er mjög líklegt að kílógrömm og sentimetrar verða ekki aðal fókussinn. Þegar þú keppir í Hyrox getur þú séð heildarárangur þinn og árangur í hverri grein fyrir sig og borið hann saman við alla sem keppt hafa í Hyrox og þinn eigin tíma ef þú hefur keppt áður. Þú keppir með flögu sem gefur þér splittíma á hverri grein fyrir sig (splittími er tíminn frá því að keppandi fer út úr hlaupabrautinni til að gera æfingu og þar til hann fer aftur út á hlaupabrautina). Þetta er mjög hvetjandi og fær þig til að setja markið herra.“

Hvernig er það, nú hafið þið Fimm fræknu verið ansi lengi í svona kraftakeppnum, er það ekki?

„Já, við erum flestar búnar að vera að síðan í kringum 2000 en þá byrja eiginlega þessar þrekkeppnir á Íslandi. Við kepptum í Þrekmeistararnum á Akureyri tvisvar á ári og svo kom Þrekmeistararöðin í framhaldi af því sem var fjórum sinnum á ári, síðan hætti Þrekmeistarinn en Þrekmeistararöðin hélt áfram. Svo misstu þeir eitthvað dampinn með Þrekmeistararöðina og hún hætti 2017 minnir mig. Þá stendur maður allt í einu uppi með það að vera búin að þrífast á svona keppnum í þetta langan tíma og þurfa að leita annað.“

Bretar eru kolleggjaðir í allskonar svona keppnum og þeir hafa t.d. tekið Hyrox upp á næsta „level“. Það er kjafullt í allar keppnir hjá þeim og selst jafnvel upp í mótin samdægurs. Nú við vildum keppa meira og ég hafði verið í sambandi við fólk sem ég hafði kynnst árið 2007 þegar ég keppti í Dubai út á þann árangur sem ég hafði náð í mótum hér heima. Við fórum svo að taka þátt í minni keppnum úti í Bretlandi svona tvisvar á ári. Síðan kom Covid og allt hrundi niður en þá sá ég að einn af þessum Bretum sem ég var búin að kynnst tók þátt í einhverju sem heitir Hyrox. Nú, ég sendi honum póst og spurði hvort þetta væri ekki eitthvað fyrir mig. „Jú, þú yrðir geðveikt góð í þessu. Þetta er svo mikið hlaup og svo æfingar inn á milli. Þú ættir að kíkja á þetta.“

Það var 2021 sem ég sé þetta fyrst en þá var Covid í gangi svo þá gat maður ekki farið af stað. Við fórum svo allar 2022 og þrjár okkar unnu sér inn þátttökurétt á heimsmeistaramótið 2023, Ásta Katrín Helgadóttir og Árdís Gísladóttir í parakeppni 50–59 ára og ég í fer inn sem einstaklingur, það voru meira að segja tveir aðrir Íslendingar sem kepptu á heimsmeistaramótinu í fyrra. Núna erum við aftur búnar að vinna okkur réttinn til að keppa í HM Hyrox 2024 og förum til Nice núna í júní þar sem ég er að fara í einstaklingskeppnina og þær keppa í parakeppni 60+. Síðan bættust tvö við núna. Jóhanna Júlía Júlíadóttir, CrossFit-stelpa sem hefur verið mjög framarlega hér á Íslandi og á m.a. Íslandsmeitið í armbeygjum sem hún setti í Skólahreysti og enginn hefur getað slegið, held að það hafi verið 177 armbeygjur eða einhver sturluð tala. Hlauparinn Sigurjón Ernir Sturluson hefur líka tryggt sér sæti svo við verðum líklegast fimm héðan frá Íslandi á heimsmeistaramótinu í ár.“

Þú ert að þjálfa uppi í Sporthúsi, er þetta þá ekki næsta námskeið sem verður sett á laggirnar?

„Það gæti alveg verið, þetta er spurning hvort maður hafi tíma,“ segir Kristjana og hlær. „Nei, ef þau fara af stað þá mun ég að sjálfsgöðu hjálpa til við að draga vagninn. Ég er núna með námskeið í Sporthúsinu sem heitir Heilsurækt fyrir konur en það er mjög gefandi að hvetja fólk áfram í að efla heilsu sína. Fólk sér ekki alltaf sjálft styrkleika sína og því er ég ofeimin við að benda fólk á þá því allir geta eitthvað það er nokkuð ljóst. Það skiptir miklu máli að fá hvatningu og hún getur svo sannarlega komið þér lengra. Það kostar ekkert að hvetja aðra áfram en það gefur svo ótrúlega mikið.“

Að æfa þessa íþrótt krefst ekki mikils tækjabúnaðar en þegar maður er farinn að keppa er þetta þá ekki farið að kosta eitthvað, að maður tali ekki um þegar verið er að keppa erlendis?

„Auðvitað er kostnaður á bak við ferðalög og keppnir en það má flétta saman keppnir og skemmtun í góða helgarferð. Þetta er val og ég vel að fara í keppnisferðir ef ég hef kost á því.“

Við erum margar í mínum aldursflokki sem erum ansi góðar en maður þarf að halda sér á tánum til þess að geta verið í fremstu röð. Um leið og hlutirnir eru orðnir stærri þá fara fleiri gamlir íþróttamenn að detta inn í þetta og því mun Heimsmeistaramótið í ár vera mun sterkara en í fyrra. Ég varð í öðru sæti á Heimsmeistaramótinu í fyrra og stefni ég að sjálfsgöðu á pall á ný. Það er erfiðara aðgengi okkar hér frá Íslandi að sækja



keppnir miðað við t.d. vini mína sem búa í Bretlandi eða Þýskalandi en þeir geta auðveldlega stökkið upp í bíl eða lest og keppt víðsvegar án mikillar fyrirhafnar. Maður væri alveg til í að vera í þeirra stöðu því auðvitað kemur keppnisreynsla manni líka lengra áfram.“

Þegar Kristjana er spurð hver sé hennar bakgrunnur í íþróttum segist hún hafa verið handboltakona. „Ég var í marki. Kona sem nemti ekki að hlaupa, fannst það hundleiðinlegt,“ segir hún og hlær að hugmyndinni. „Ég spilaði fyrst með Reyni Sandgerði, síðan með Keflavík en svo fór ég í Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni og lék þá með Selfossi. Þegar ég kom svo til baka var búið að leggja meistaraflokkinn í Keflavík niður. Þá fóru nokkrar í FH en áhuginn var einhvern veginn farinn hjá mér. Þá lá leiðin í ræktina og byrjaði ég eiginlega strax að kenna í líkamsræktarstöðinni Perlunni. Ég kenndi í nokkur ár í Perlunni en fór svo yfir í Lifsstíl og þegar ég var komin þangað byrjaði þetta þrekmeistaradæmi hjá mér.“

Spennufíkn

„Mér hefur alltaf þótt gaman að keppa en mér þótti ekki alltaf jafn gaman að æfa fyrir keppnir. Þegar ég var í handboltanum bjó ég ekki yfir þeim aga sem ég bý yfir í dag en það breyttist þegar ég fór að keppa í þrekmeistarum. Ég var ekkert endilega að nenna að leggja neitt aukalega á mig, ég var í úrtakshóp fyrir landsliðið í handbolta en komst ekki lengra en það því mig vantaði klárlega að átta mig á því að þú þarft að leggja á þig aukaæfingu til að skara fram úr. Þegar þrekmeistarin fóru að detta inn byrjaði ég að hlaupa, lyfta og taka ábyrgð á sjálfri mér og mínum árangri.“

Ég byrjaði að keppa í liðakeppnum og fór svo að bæta við parakeppni með Vikari Sigurjóns-syni ásamt því að keppa sem einstaklingur. Stundum keppti maður í þremur keppnum sömu helgi. Þetta eru mjög ólíkar keppnir og reyna á þig á ólíkan hátt. Ég var líka dugleg að taka þátt í hinum ýmsu hlaupum en sá grunnur hefur hjálpað mikið í Hyrox-keppnum í dag.“



Sumum finnst leiðinlegt í ræktinni en mér finnst aldrei leiðinlegt því þegar þú ert að vinna að ákveðnu marki þá er það svo mikill drifkraftur sem keyrir mann áfram. Það er spennan, þetta er hálfgerð spennufíkn ...

Ég fæ mikla útrás í þessum keppnum en það er svo gaman að sigrast á einhverju og þá sérstaklega á sjálfum sér. Sumum finnst leiðinlegt í ræktinni en mér finnst aldrei leiðinlegt því þegar þú ert að vinna að ákveðnu marki þá er það svo mikill drifkraftur sem keyrir mann áfram. Það er spennan, þetta er hálfgerð spennufíkn.“

Kristjana segir að það sé tvennt ólíkt að æfa einn eða í hóp en það sé gott að vera sjálfstæður. „Að geta farið sjálfur og tekið æfingu óháð öðrum er nauðsynlegt en það er náttúrulega ofboðslega gott að eiga góða að og ég er svo heppin með að eiga frábæra æfingafélaga. Ég segi alltaf að þetta eru einstakar konur og við erum ótrúlega staðfastar. Við mætum oftast alla morgna nema sunnudaga, þá leyfum við okkur að gera eitthvað annað. Annars mætum við sex daga vikunnar og það er ekkert „ég nemti ekki“ eða „ég ákvað að sofa aðeins lengur“. Þú mætir bara, þetta er eins og að bursta tennurnar. Félagsskapurinn hefur auðvitað mikið að segja, það er bara þannig,“ sagði kraftakonan að lokum.

Tilnefning heiðursborgara Reykjanesbæjar



Reykjanesbær hefur ákveðið að útnefna heiðursborgara á hátíðarfundum bæjarstjórnar sem fram fer á 30 ára afmælisdegi sveitarfélagsins, þann 11. júní næstkomandi.

Óskað er eftir tilnefningum frá starfsmönnum, bæjarbúum og öðrum áhugasömum aðilum.

Tilnefningarnar þurfa að innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn viðkomandi einstaklings ásamt ítarlegum upplýsingum.
- Ítarlegur rökstuðningur fyrir tilnefningunni.
- Upplýsingar um sendanda tilnefningarinnar.

Útnefning heiðursborgara Reykjanesbæjar skal taka mið af störfum viðkomandi einstaklings í þágu Reykjanesbæjar eða afrekum í þágu lands og þjóðar. Sérstaklega verður litið til þess hvort störf viðkomandi hafi haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið.

Senda skal tilnefningar á heidursborgari@reykjanesbaer.is fyrir 1. júní næstkomandi.



Ætlar að vera öflugasti liðsstjóri landsins

- Adam Árni Andersen, leikmaður knattspyrnuliðs Grindavíkur, kjálkabrotnaði í opunarleik Lengjudeildar karla og mun því missa af stórum hluta tímabilsins.

Adam Árni Andersen var í byrjunaliði Grindavíkur sem mætti Fjölni í opunarleik Lengjudeildar karla í ár. Adam lenti í samstuði við varnarmann Fjölnis strax á tíundu mínútu og fékk olnbogaskot í kjálkann. Fjölnismenn voru nýbúnir að ná forystu úr vítaspyrnu sem margir töldu vafasaman dóm (4') og Grindavík sótti skömmu síðar, Kristófer Konráðsson átti þá góða sendingu fyrir mark Fjölnis þar sem Adam Árni var mættur í skallann en lá óvígur eftir í teignum eftir að hafa fengið olnbogaskot á kjálkann. Þrátt fyrir að dómari leiksins hafi verið í kjöraðstöðu til að sjá brotið dæmdi hann ekkert, síðar kom í ljós að Adam Árni hafði kjálkabrotnað. Hann fór því meiddur af velli á sextánda mínútu.

„Mér finnst mjög skritið að hann skuli ekki hafa dæmt neitt, sérstaklega af því að það var verið að dæma fyrir allskonar „soft“ brot úti um allan völl,“ segir Adam Árni í viðtali við Víkurfréttir.

Flestir þekkja Adam Árna sem Róbertsson en á Facebook er hann skráður Andersen svo fyrsta spurning til Adams var hvernig standi á því.

„Ég er hálf danskur og þetta er ættarnafnið mitt, ég er skráður Andersen í þjóðskrá og vil frekar nota það. Ég lét breyta þessu fyrir nokkrum árum en það tekur bara einhvern tíma að ná þessu í gegn alls staðar,“ segir Adam.

”

Ég hélt fyrst að ég hefði misst tönn en svo kom í ljós að það kom sprunga í kjálkann og það myndaðist bil á milli tannanna þegar kjálkinn gliðnuðu í sundur ...

Hélt fyrst að hann hefði misst tönn

Eins og fyrr segir fór Adam meiddur af velli og síðar átti eftir að koma í ljós að um kjálkabrot var að ræða og hann fór í aðgerð fyrir rúmri viku síðan.

„Ég hélt fyrst að ég hefði misst tönn en svo kom í ljós að það kom sprunga í kjálkann og það myndaðist bil á milli tannanna þegar kjálkinn gliðnuðu í sundur. Þetta verður til þess að ég verð frá keppni í þrjá mánuði hið minnsta,“ segir



Adam var með markahæstu mörkum í annarri deild á síðasta ári. Hér skorar hann af harðfygli í leik gegn Haukum. VF/JPK



Adam Árni skipti yfir í Grindavík fyrir þetta tímabil en hann lék með Þrótti Vogum í fyrra. Mynd/Knattspyrnuveild Grindavíkur á Facebook

Adam súr. „Ég má byrja að æfa hlaup, skot og þess háttar en ég má alls ekki fara í nein átök eða snertingu. Ef ég fengi bolta eða hönd í andlitid eru mestar líkur á að brotið taki sig upp aftur, þetta er víst það viðkvæmt.“

Þetta hljóta að vera vonbrigði, sérstaklega svona snemma á tímabilinu.

„Já, vissulega eru þetta vonbrigði. Maður var orðinn vel spennur fyrir tímabilinu og mér finnst liðið á góðu róli. Ég reyni að hugga mig við það að manni finnst tímabilið alltaf svo stutt hérna á Íslandi – vonandi verður upplifunin líka þannig núna og ég verði kominn út á völlum áður en ég veit af. Fram að því ætla ég að vera öflugasti liðsstjóri landsins,“ segir Adam sem ætlar að halda sér í góðu formi og vera tilbúinn þegar hann má byrja að spila á ný.


„Ég ætla að vera duglegur í gymminu og Nonni styrktarþjálfari [Jón Aðalgeir Ólafsson] á sko eftir að fá að vinna fyrir kaupinu sínu í sumar,“ sagði Adam Árni Andersen að lokum.

VIÐTAL

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Hér má sjá þegar brotið á sér stað. Dómarinn er vel staðsettur til að sjá hvað gerist og ef vel er rýnt í myndina sést hvernig handleggur varnarmannsins er fyrir ofan hendur Adams. Skjót/Lengjudeildin á YouTube



Röntgenmyndin sýnir vel sprunguna sem myndaðist við höggið.



Það má sjá leikinn á Lengjudeildin á YouTube. Atvikid umrædda á sér stað rétt fyrir níjundu mínútu útsendingarinnar.

HÁMUNDUR ÖRN ER TIPP- MEISTARINN

Reykjanesbær var eins og draugabær á sunnudaginn þegar úrslitaleikurinn í tippaleik VÍkurfréttar fór fram, samhliða síðustu umferðinni í ensku úrvalsdeildinni. Eflaust voru sumir meira spenntari fyrir lokaumferðinni í þeirri ensku en talið er að langflestir hafi verið að fylgjast með slag Reykjanesbæinganna, Magnúsar Tóka og Hámundar Arnar því hann gerði sér lítið fyrir og var með alla leikina rétta og stefndi í þrettán rétta! Maggi Tóka stóð sig sömuleiðis vel, var með átta leiki rétta en mátti ekki við margnum þennan sunnudaginn. Er Magga hér með þökkun þátttaka, hann má vera stoltur af gengi sínu, hann var í fjórða sæti en tók forystusauðinn Grétar í undanúrslitunum og sá fram á að fljúga með blaðamanni til London en þarf að gera sér að góðu að horfa á sína menn í Manchester United fyrir framan skjáinn á laugardaginn.

Aftur að Hámundi og stuðningsfólki hans. Þar sem Hámundur Örn var með möguleika á þrettán réttum ákvað hann að hafa samband við Magga Þóris á Réttinum og pantaði veisluborð og bauð stuðningsfólki sínu til veislu. Hins vegar fagnaði hann of snemma, hann fékk ekki nema ellefu rétta og þar sem lítið var um óvænt úrslit og alls 1.437 tipparar, þar af 42 Íslendingar, náðu þrettán réttum og fengu bara rúmar 50 þúsund krónur, var ljóst að 0 kr. væru fyrir ellefu



rétta. Maggi stóð því uppi með veisluborð sem enginn mætti í en þar sem hann er öðlingur, gat hann geymt veislumatinn sem var í staðinn í hádeginu á þriðjudag.

Hámundur Örn var þó brattur þegar blaðamaður náði í hann þar sem hann var ennþá að fagna sigrinum í tippaleiknum.

„Ég er búinn að svífa um á bleiku skýi síðan mér varð ljóst að ég vann tippaleikinn! Ég er það ánægður að ég er að ihuga að snúa bakinu við mínum mönnum í Tottenham og byrja halda með Manchester United, vona alla vega að þeir muni vinna úrslitaleikinn. Ég get ekki beðið eftir að fara út, er smeykur um að ég muni ekki ná að sofna fyrir spenningi, næ mér þó vonandi eitthvað niður,“ sagði tippmeistarinn að lokum.

1X2 „BRUMAD Á PRETTÁN“



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Strandarhlaupið fer fram í fallegu umhverfi Vatnsleysustrandar. Mynd/Strandarhlaup Dróttar á Facebook

Strandarhlaup Blue 2024

■ **Strandarhlaupið endurvakið á Landsmóti UMFÍ 50+ í Vogum**

Strandarhlaup Blue 2024 fer fram í Vogum föstudaginn 7. júní og verður hluti af Landsmóti UMFÍ 50+.

Strandarhlaup Blue verður ein af opnum greinum mótsins og því geta allir sem eru yngri en 50 ára skráð sig til leiks. Keppt verður í tveimur aldersflokkum, 49 ára og yngri og 50 ára og eldri, og þá verður hægt að velja á milli tveggja vegalengda, fimm eða tíu kílómetra.

Marteinn Ægisson, framkvæmdastjóri Þróttar Vogum, er gríðarlega ánægður með að Strandarhlaupið verði endurvakið en þetta vinsæla hlaup var síðast haldið árið 2018.

„Það er algjörlega frábært fyrir hlaupara og sveitarfélagið að verið sé að endurvekja Strandarhlaupið,“ sagði Marteinn í samtali

við Víkurfréttir. „Þegar ég setti mig í samband við Magga hjá Blue Car Rental, með það fyrir augum að selja auglýsingu í mótsblaðið, átti ekki von á svari um hæl í formi fundarboðs og skilaboðin voru skýr: „Blue Car Rental langar að vera þátttakandi og setja mark sitt á Landsmót UMFÍ 50+.“ Starfsfólk Blue Car Rental tók vel á móti okkur og það er mjög skemmtilegt að vinna þetta með þeim.“

Glæsileg verðlaun og útdráttarverðlaun í lok Strandarhlaups Blue

Leiðarlýsing 5 km:

Hlaupið er ræst við gatnamót Hafnargötu og Stapavegar. Hlaupið er út Stapaveg þar sem komið er inn á malarveg. Eftir 3 km er stuttur utanvegakafli uns komið er inn á göngustígakerfi þar sem

hlaupið er með sjónum, umhverfis Vogatjörn, framhjá Íþróttamiðstöð og að endamarki á gatnamótum Hafnargötu og Stapavegar.

Leiðarlýsing 10 km:

Hlaupið er ræst við gatnamót Hafnargötu og Stapavegar og liggur um Vatnsleysustrandarveg. Í upphafi er hlaupið á göngustíg en þegar honum sleppir er hlaupið á Vatnsleysustrandarvegi að snúningpunkti. Snúið er við eftir 5 km og sama leið í fallegu sveitaumhverfi hlaupin til baka að endamarki á gatnamótum Hafnargötu og Stapavegar.

Strandarhlaupið fór fyrst fram árið 2014 og er tilvalið fyrir hlaupara og gönguhópa.



Guðlaug Emma innanfélagsmeistari fímleikadeildar Keflavíkur

Innanfélagsmót fímleikadeildar Keflavíkur í áhaldafímleikum og hópfímleikum var haldið á dögunum í Akademiunni.

Guðlaug Emma Erlingsdóttir vann titilinn innanfélagsmeistari fímleikadeildar Keflavíkur í áhaldafímleikum kvenna að þessu sinni og stúlkurnar í H4 hópnunum urðu innanfélagsmeistarar í hópfímleikum.

Mótið gekk mjög vel og lagt var upp með það að allir færu glaðir heim að móti loknu en margir iðkendur voru að keppa í fyrsta skiptið.

Allir keppendur stóðu sig virkilega vel, sýndu miklar framfarir og fengu góða reynslu í reynslubankann og er óhætt að segja að framtíðin sé björt hjá þessum fímleikadeildum.

ATVINNA

Leitum að duglegu og ábyrgu fólki til að bera út blöð og annað prentefni í Keflavík.

Vinnan fer fram á morgnana og á útburði að vera lokið fyrir klukkan 7:00 á morgnana sex daga vikunnar, mánudaga til laugardaga.

Ef þetta er eitthvað sem sem gæti átt við þig sendu þá skilaboð í síma 7805309 eða email jsbdreifing@gmail.com og við munum hafa samband við þig.

Morgunblaðið

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Störf í leik- og grunnskólum

Drekadalur - Kennarar

Heilsuleikskólinn Heiðarsel - Leikskólakennarar

Heiðarskóli - Aðstoðarskólustjóri

Háaleitisskóli - Kennari í textílmennt

Háaleitisskóli - Grunnskólakennari á miðstigi

Háaleitisskóli - Grunnskólakennari á yngsta stig

Myllubakkaskóli - Grunnskólakennari á yngsta stig

Stapaskóli - Starfsfólk skóla

Stapaskóli leikskólastig - Deildarstjóri

Stapaskóli leikskólastig - Kennari

Önnur störf

Menningar- og þjónustusvið - Þjónustufulltrúi í þjónustuveri

Velferðarsvið - Dagdvalir aldraðra

Velferðarsvið - Heima- og stuðningsþjónusta, sumarafleysingar

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? - Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTIKANS



JAFNLÁUNAVOTTUN
2023 - 2026

1.250 íbúðir verða byggðar á Vatnsnesi



Mundi

Verður Vatnsnesið
Manhattan Reykjanesbæjar?

Reykjanesbær hefur lagt fram vinnslutillögu um breytingu aðalskipulags svæðis M9 Vatnsness unnið af Kanon arkitektum og VSÓ Ráðgjöf, sem dagsett er maí 2024.

Meginbreyting er að heildarfjöldi íbúða verður 1250 á svæðinu og heildarbyggingarmagn verður 185.000 fermetrar. Einnig er ákvæðum breytt í almenna kaflanum varðandi leyfisskylda starfsemi á miðsvæðum.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar hefur jafnframt veitt heimild til að auglýsa vinnslutillögunum.

Pú finnur allar
nýjustu fréttirnar
frá Suðurnesjum á

vf.is

Atvinnuhúsnæði fyrir 100 starfsmenn rís við Aðaltorg

Sótt hefur verið um byggingarleyfi fyrir verslunar- og skrifstofuhúsi að Aðalgötu 62 í Keflavík við svokallað Aðaltorg.

A fyrstu hæð er matvöruverslun og sérværslanir en á annarri hæð er skrifstofustarfsemi og tannlæknastofur. Vöruaðkoma er á norðurhluta lóðar

og aðstaða fyrir sorpgáma er í yfirbyggðu porti við norðurhluta byggingar. Áætlaður fjöldi starfsmanna í matvöruverslun er tíu, í sérværslunum sex, á tannlæknastofu fimmtán og í skrifstofurýmum sjötíu manns.

Byggingaráformin eru samþykkt en erindið uppfyllir gildandi skipulagsskilmála.



Aðaltorg í Reykjanesbæ.

Styrkja körfuknattleik í Njarðvík um fimm milljónir króna

■ Veita ekki styrk vegna forsendubrests

Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt að veita körfuknattleiksdeild UMFN styrk upp á fimm milljónir króna, sem er sambærilegur styrkur og veittur var körfuknattleiksdeild Keflavíkur. Styrkurinn er veittur vegna rekstrarvanda félagsins. Við afgreiðslu málsins ítrekaði bæjarráð fyrri ákvörðun um að veita ekki styrk vegna forsendubrests vegna íþróttahússins við Stapaskóla.

Beiðni Körfuknattleiksdeildar UMFN um fjárstuðning var tekin fyrir á fundi íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar 14. maí. Hámundur Örn Helgason, framkvæmda- og íþróttastjóri UMFN, og Ágústa Guðmarsdóttir, fjármálastjóri UMFN, fylgdu úr hlaði erindi körfuknattleiksdeildar



UMFN. Þau gerðu grein fyrir fjárhagsstöðu körfuknattleiksdeildar sem er afar erfið og hefur aðalstjórn UMFN þurft að lána deildinni fé á undanförunum mánuðum.

Íþrótt- og tómstundaráð tók undir áhyggjur félagsins en segist í afgreiðslu ekki geta orðið við erindinu sökum þess að það er ekki á fjárhagsáætlun ráðsins. Því var því vísað til bæjarráðs.

Vertu velkomin(n) til okkar!

Elmar verslunarstjóri og Bryndís taka vel á móti þér og veita þér faglega ráðgjöf fyrir málningarverkefnið þitt.



Flügger